

Ytri-Vatnadalur (Neðri-Vatnadalur)

Í opinberum heimildum frá 17., 18. og 19. öld eru ætíð taldar vera tvær bújarðir í **Vatnadal**, **Fremri-Vatnadalur** og **Neðri- eða Ytri-Vatnadalur** (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Allt beitiland þessara tveggja jarða var þó óskipt og við sem nú komum frá **Hraunakoti**, hér handan árinna, og stöðrum við á gamla bæjarhólnum í Ytri-Vatnadal höfum fyrir skömmu lokið göngu um nær alla landareign Vatnadalshöfunda. Á þeirri gönguför var reynt að glöggva sig á staðháttum og margt rifjað upp um landið. Verður hér látið nægja að vísa til þess (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Í Vatnadal var líka bara eitt tún þó að jarðirnar teldust vera tvær. Þeir sem bjuggu í Ytri-Vatnadal nytjuðu ysta hluta túnsins og þann fremsta en fólk í Fremri-Vatnadal partinn sem lá þar á milli (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Báðir bæirnir stóðu í þessu túni og var stutt á milli þeirra. Hér hefur áður verið vísað á gömlu bæjarstæðin (sjá hér Fremri-Vatnadalur) en þar sem bæirnir stóðu sjást nú engar tóttir því allt hefur verið sléttað út.

Jörðin Ytri-Vatnadalur var einnig nefnd Neðri-Vatnadalur og talað var um **Vatnadal neðri** eða **Vatnadal ytri**. Í þeim heimildum sem elstar eru er jörð þessi kölluð Vatnadalur neðri¹ og á fyrstu áratugum 19. aldar virðist það nafn enn hafa verið ríkjandi.² Á árunum milli 1830 og 1840 fer nafnið Vatnadalur ytri eða Ytri-Vatnadalur hins vegar að sjást í sóknarmannatölum³ og um miðja 19. öld virðist það hafa orðið mörgum munntamt.⁴ Í heimildum frá síðari hluta 19. aldar eru nöfnin þó notuð alveg sitt á hvað og fráleitt virðist að telja eitt þeirra rétt en annað rangt. Nokkrar líkur benda þó til þess að á síðari hluta 19. aldar hafi heimafólk í Vatnadal yfirleitt talað um *ytri dalinn*, Vatnadal ytri eða Ytri-Vatnadal. Kristján G. Þorvaldsson, sem mest hefur ritað um örnefni í Súgandafirði, nefnir jörðina Vatnadal ytri⁵ en móðir hans, sem fæddist árið 1852 og varð háöldruð kona, ólst upp í Vatnadal. Kristjana Friðbertsdóttir, sem fædd var árið 1884 og ólst upp í Hraunakoti í Vatnadal, talaði líka um *ytri dalinn* eða Ytri-Vatnadal⁶ og verður því haldið hér.

Bærinn í Ytri-Vatnadal stóð á allháum hól yst í túninu, mjög skammt fyrir framan túngirðinguna sem hér er nú (1996) en hún sýnir hvar gamla Vatnadalstúnið endaði. Utan við bæjarhólinn og alveg rétt framan við girðinguna er stór steinn sem mikið ber á og má segja að hann vísi þeim sem að bæjarstæðinu leita á rétta braut (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Jörðin Ytri-Vatnadalur fór í eyði árið 1920⁷ en var fram undir miðja öldina nytjuð af þeim sem bjuggu í Fremri-Vatnadal og að nokkru leyti frá **Suðureyri**.

¹ Manntal 1703. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 130.

² Manntöl 1801 og 1816. Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805. Sóknarmannatöl Staðar í Súgandafirði.

³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁴ Manntal 1845. VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850. VA III, 417, búnaðarskýrslur 1860.

⁵ Örnefnastofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 70.

⁶ Kristjana Friðbertsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana, júlí 1968.

⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Nú liggja báðar eyðijarðirnar í Vatnadal undir **Bæ** og það eru Bæjarmenn sem hafa ræktað upp gamla Vatnadalstúnið og brotið hér nýtt land til ræktunar svo túnið er miklu stærra en áður var.

Á hinum forna bæjarhól í Ytri-Vatnadal látum við hugann reika um sinn til horfinnar tíðar. Á 17. og 18. öld var jörðin Ytri-Vatnadalur jafnan talin 8 hundruð að dýrleika og báðar Vatnadalsjarðirnar til samans 16 hundruð (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Nokkru fyrir 1840 var hins vegar farið að telja Ytri-Vatnadal 9 hundruð og Fremri-Vatnadal 7 hundruð.⁸ Óljóst er hvað valdið hefur þessari breytingu en skiptingin í 9 og 7 hundruð var enn talin sú rétta um 1920.⁹

Á síðari hluta 17. aldar var landskuldin sem bændur í Ytri-Vatnadal þurftu að greiða landsdrottinni sínum á hverju ári 10 aurar eða 3 vættir¹⁰ sem reyndar er alveg sama upphæðin því hér er efalaust átt við sex álna aura og 20 álnir voru í hverri vætt. Landskuldin var því 60 álnir og hélst óbreytt fram að stórubólu sem hér geisaði árið 1707 en þá féll hún niður í 40 álnir.¹¹ Árið 1753 var hún komin niður í 30 álnir¹² og hafði lækkað um fullan helming frá því sem verið hafði í byrjun aldarinnar. Þessi mikla lækkun hlýtur að hafa átt sér einhverja sérstaka skýringu sem menn vita þó ekki hver var. Líklegast er að landskemmdir af völdum skriðufalla hafi stuðlað að þessari lækkun. Um miðja 19. öld var landskuldin enn 30 álnir¹³ en sjöttíu árum síðar, um það leyti sem jörðin fór í eyði, var þessi sama landskuld bara ein ær,¹⁴ það er 20 álnir samkvæmt hinum forna landaurareikningi. Tala leiguánna sem jörðinni fylgdu var svolítið breytileg. Árið 1658 voru þær 12, árið 1695 12, árið 1710 10, árið 1753 9, árið 1847 9 og árið 1919 13.¹⁵

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1710 eru kostir og ókostir þessarar jarðar sagðir vera nánast hinir sömu og í Fremri-Vatnadal¹⁶ en hér hefur áður verið greint frá því helsta sem þar er ritað um þau efni (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Um Ytri-Vatnadal er auk þess tekið sérstaklega fram að *vatnsvegur sé mjög erfður á vetur fyrir fannalögum*¹⁷ en allt neysluvatn þurfti fólkið á báðum bæjunum að sækja í ána sem rennur hér neðan við túnið.

Í jarðabók frá árinu 1805 er getið hlunninda af fjallagrösum og silungsveiði á báðum jörðunum í Vatnadal.¹⁸ Á árunum rétt fyrir 1920 var

⁸ Sóknalýsingar Vestfjarða II, 112. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840. VA III, 412, búnaðarskýrslur 1850.

⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, löggilt 26.3.1919.

¹⁰ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafjarðarsýslu frá árunum 1658 og 1695.

¹¹ Jarðabók Á. og P. VII, 130.

¹² Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753.

¹³ J. Johnsen 1847, 196.

¹⁴ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, löggilt 26.3.1919.

¹⁵ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrár úr Ísafj.sýslu frá árunum 1658 og 1695. Jarðabók Á. og P. VII, 130. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. J. Johnsen 1847, 196. Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, löggilt 26.3.1919.

¹⁶ Jarðab. Á. og P. VII, 129-131.

¹⁷ Jarðab. Á. og P., 130-131.

¹⁸ Rtk. Jarðabækur V. 16. Ísafj.sýsla 1805.

talið að í Ytri-Vatnadal mætti fleyta fram 2 kúm, 50 sauðkindum og 2 hrossum.¹⁹ Af túninu fengust þá 60 hestar af heyi og 200 hestar af engjunum.²⁰ Í greinargerð opinberra matsmanna frá þeim árum er túnið sagt vera sléttlent og grasgefið og hið sama segja þeir um engjarnar.²¹ Sumarbeitt var þá talin góð í Vatnadal en snjópungt að vetrinum.²²

Árið 1703 var tvíbýli í Ytri-Vatnadal og heimilin voru reyndar þrjú því hér var einnig húsmaður með sína fjölskyldu.²³ Yfirleitt bjó þó bara einn bóndi á jörðinni á 18. og 19. öld.²⁴ Eins og áður sagði var hér þó tvíbýli árið 1703 og líka á árunum 1810-1812.²⁵ Árið 1735 bjó einn bóndi á báðum jörðunum í Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur) en annað dæmi um það finnst ekki, hvorki á átjándu öldinni né þeirri nítjándu.

Auk bændafólksins var oft húsfólki í Ytri-Vatnadal. Hér var fjögurra manna húsmannsfjölskylda árið 1703, sögð *forsorgast á sjávarafla*.²⁶ Á fyrri hluta 19. aldar var hér stundum einhleyppt fólk í húsmennsku en lítið sem ekkert um fjölskyldur af því tagi. Á síðasta þriðjungi nítjándu aldar var hins vegar mun meira um húsfólk hér í Ytri-Vatnadal og á því skeiði var algengt að hjón væru hér í húsmennsku eða þá sambýlisfólk en þó ekki barnmargar fjölskyldur.²⁷

Bústofn bændanna í Ytri-Vatnadal virðist ekki hafa tekið mjög miklum breytingum frá einu tímabili til annars á 18. og 19. öld. Árið 1710 var búíð hér með 2 kýr, eina veturgamla kvígu, 18 ær, 7 sauði, tvævetra og eldri, 16 veturgamla sauði, 16 lömb og eitt hross.²⁸ Á fyrri hluta 19. aldar voru kýrnar oftast tvær eða þrjár en þó fjórar árið 1830 og að sögn *ein og hálf* árið 1805.²⁹ Ærnar voru þá oftast á bilinu frá 12 og upp í 18, ef marka má búnaðarskýrslur, gemlingar þaðan af færri og engir sauðir eldri en veturgamlir.³⁰

Á síðari hluta 19. aldar voru oftast 2 kýr í Ytri-Vatnadal, 18-20 ær, 8-16 gemlingar og 2 hestar, ef marka má búnaðarskýrslur, en höfðu verið 3 árið 1850.³¹ Að sögn Magnúsar Hjaltasonar var talsvert fleira sauðfé alið í Ytri-Vatnadal á árunum kringum aldamótin 1900 eða 60-70 kindur.³²

¹⁹ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, löggilt 26.3.1919.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild.

²² Sama heimild.

²³ Manntal 1703.

²⁴ Jarðab. Á. og P. VII, 130. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntöl 1762, 1801 og 1816. Rtk. Jarðab. V. 16, Ísafj.sýsla 1805. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. 1786-1791, 1793, 1795, 1797, 1799, 1802, 1804 og 1817-1900.

²⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. mars 1811 og mars 1812.

²⁶ Manntal 1703.

²⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁸ Jarðab. Á. og P. VII, 130.

²⁹ Rtk. Jarðabækur V. 16., Ísafj.sýsla 1805. Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

³⁰ Sömu heimildir.

³¹ VA III, 412, 417, 421 og 424, búnaðarskýrslur 1850, 1860, 1870 og 1880.

³² Lbs. 2736^{4to}/Magnús Hjaltason, bls. 45.

Árið 1821 átti bóndinn í Ytri-Vatnadal engan bát en á árunum 1827-1840 átti sá sem hér bjó jafnan litla fleytu, tveggja eða þriggja manna far.³³ Bændurnir sem bjuggu hér árin 1850 og 1860 áttu líka lítinn bát af þessari sömu stærð en 1870 var hér enginn bátur og ekki heldur í Fremri-Vatnadal.³⁴ Á árunum milli 1870 og 1880 náðu bændurnir tveir í Ytri- og Fremri-Vatnadal hins vegar að koma sér upp stærri bát, sexæring eða 4ra manna fari, sem þeir áttu saman.³⁵ Þessi bátur hét Svanur (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Um Vatnadal er fyrst getið í varðveittum heimildum árið 1324 (sjá hér Fremri-Vatnadalur) en allt fram undir lok 16. aldar var litið svo á að allur Vatnadalur væri ein bújörð eins og hér hefur áður verið nefnt. Á Ytri-Vatnadal eða Neðri-Vatnadal er því aldrei minnst í heimildum frá því fyrir 1600 en hér hefur áður verið getið nokkurra manna sem áttu Vatnadal á 15. og 16. öld. Eigi síðar en um miðbik sextándu aldar komst hálfur Vatnadalur í eigu **Staðarkirkju** í Súgandafirði og í heimildum frá 17. öld sést að það var sá partur jarðarinnar sem seinna var nefndur Ytri-Vatnadalur (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Á árunum kringum 1600 tapaði kirkjan hins vegar þessari eign sinni og náði henni aldrei aftur. Hér hefur áður verið sagt frá viðleitni séra Jóns Torfasonar, sem prestur var á **Stað** frá 1661 til 1719, til að ná Ytri-Vatnadal aftur undir kirkjuna og frá hinum merkilegu seltóttum fram við Stóravatn í Vatnadal þar sem síðasti kaþólski presturinn á Stað hafði búsmala sinn í seli (sjá hér Fremri-Vatnadalur og Staður.

Árið 1658 var *kvinnu Odds Þorleifssonar* sögð eiga Ytri-Vatnadal³⁶ og má ætla að þar sé um að ræða Guðrúnu Sæmundsdóttur, sem gift var Oddi Þorleifssyni, lögréttumanni á Borg á Mýrum, en hún var dóttir Sæmundar Árnasonar, sýslumanns á Hóli í Bolungavík, og konu hans Elínar, dóttur Magnúsar prúða.³⁷ Vissar líkur benda því til þess að það hafi verið Hólmenn í Bolungavík, Sæmundur Árnason eða faðir hans, Árni Gíslason, sýslumaður á Hóli, sem náðu Ytri-Vatnadal undan Staðarkirkju. Minnt skal á að sumarið 1569 var séra Ólafur Sveinsson á Stað í Súgandafirði í vopnuðum flokki Árna Gíslasonar sýslumanns er til átaka kom á Skutulsfjarðareyri við Magnús prúða Jónsson og hans menn (sjá hér Staður) en einmitt um það leyti er þess síðast getið í marktækum heimildum að Staðarkirkja eigi Ytri-Vatnadal.³⁸ Sá grunur hvílir því á séra Ólafi Sveinssyni að hann hafi fargað kirkjueigninni í Vatnadal í hendur svallbróður síns, hins óprúttna og harðdræga sýslumanns, Árna Gíslasonar á Hóli.

Óljóst er nú hversu lengi dóttir Sæmundar sýslumanns Árnasonar átti jörðina en árið 1695 var hún komin í eigu séra Sigurðar Jónssonar sem þá

³³ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, bún.sk. 1821, 1827, 1830, 1834 og 1837. VA III, 408, bún.sk. 1840.

³⁴ VA III, 412, 417 og 421, búnaðarskýrslur 1850, 1860 og 1870.

³⁵ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

³⁶ Lbs. 797^{4to}, jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1658.

³⁷ Lögréttumannatal, bls. 403. Íslenskar æviskrár IV, 379.

³⁸ D.I. XV, 571-572.

var prestur í Holti í Önundarfirði.³⁹ Séra Sigurður var kvæntur Helgu, dóttur séra Páls Björnssonar, hins víðkunna prófasts í Selárdal í Arnarfirði (sjá hér Holt), og árið 1710 var það bróðir hennar, séra Halldór Pálsson í Selárdal, sem átti Ytri-Vatnadal.⁴⁰ Séra Halldór andaðist árið 1733⁴¹ og átta árum síðar var jörðin komin í eigu Jóns Sigurðssonar sem bjó hér sjálfur í fjölda ára og síðan sonur hans og fólk honum tengt allt til ársins 1825. Frá Jóni þessum Sigurðssyni og Bjarna Jónssyni, sem líka var sjálfseignarbóndi í Ytri-Vatnadal á síðari hluta 18. aldar, segir hér nánar á öðrum stað þar sem fjallað er um bændurna er hér hafa búið (sjá hér bls. 6-9). Árið 1805 var það ekkja nýnefnds Bjarna, Guðrún Gísladóttir, sem átti jörðina og stóð hún hér þá fyrir búi.⁴²

Um miðbik 19. aldar var jörðin aftur komin í leiguabúð.⁴³ Árið 1901 voru það Þorbjörn Gissurarson og fleiri sem áttu Ytri-Vatnadal eins og sjá má í fylgiskjölum með manntalinu frá því ári.⁴⁴ Fullvíst má telja að þessi eigandi einhvers hluta jarðarinnar hafi verið Þorbjörn Gissurarson, bóndi á Suðureyri, og vitað er að Þórður Jónsson, sem var bóndi í Ytri-Vatnadal frá 1886 til 1896, átti fjögur hundruð í jörðinni árið 1901 (sjá hér bls. 28) Árið 1916 átti Guðrún Þórðardóttir á Suðureyri 4 hundruð í Ytri-Vatnadal en systir hennar, Herdís Þórðardóttir, og eiginmaður Herdísar, Guðmundur Júlíus Pálsson, sem hér bjuggu þá, áttu hinn partinn.⁴⁵ Árið 1920 eignaðist Suðureyrarhreppur þau 5 hundruð sem hjónin Herdís Þórðardóttir og Guðmundur J. Pálsson höfðu átt⁴⁶ en seldi þau sama ár ásamt öllum Fremri-Vatnadal þeim Veturliða H. Guðnasyni, Guðna A. Guðnasyni og Ólafi Þ. Jónssyni er þá hófu búskap í Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Þann part úr jörðinni sem hreppurinn keypti ekki átti Guðrún Þórðardóttir enn um sinn. Fjárhús og hlöðu átti hún líka í Vatnadal árið 1920.⁴⁷ Vera má að Þórður Þórðarson, bróðir Guðrúnar, hafi keypt þessi fjögur hundruð af systur sinni skömmu eftir 1920 eða þau átt jarðarpartinn saman. Til þessa bendir sú staðreynd að árið 1923 skrifar Þórður undir skjal sem eigandi að þessum parti úr jörðinni en nafn Guðrúnar er þar ekki að finna.⁴⁸

Úr hópi bændanna sem bjuggu í Vatnadal fyrir 1700 er aðeins einn þekktur með nafni og vantar þó föðurnafnið. Bóndi þessi hét Jón og var drepinn af erlendum ræningjum sumarið 1579 eins og hér hefur áður verið sagt frá (sjá Fremri-Vatnadalur). Enginn veit nú hvort hann bjó í Ytri- eða

³⁹ Lbs. 797^{4to}, Jarðaskrá úr Ísafj.sýslu frá árinu 1695.

⁴⁰ Jarðab. Á. og P. VII, 130.

⁴¹ Ísl. æviskrár II, 268.

⁴² Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁴³ J. Johnsen 1847, 196.

⁴⁴ Manntal 1901, fylgiskjöl.

⁴⁵ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók fasteignamatssnefndar í Vestur-Ísafjarðarsýslu, löggilt 9.3.1916. Jarðeignir í Suðureyrarhreppi, metnar 1916.

⁴⁶ Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. Bréfabók nr. 1. Bréf hreppsnefndar 6.4.1920 til sýslunefnd. í V-Ís.

⁴⁷ Sama bréfabók. Bréf hreppsnefndar Suðureyrarhr. 14.8.1920 til V. H. Guðnasonar og G. A. Guðnasonar.

⁴⁸ Bygg.bréf til handa Guðm. Andréss. í Hraunakoti, út gefið af eig. Vatnadals árið 1923, ljósr. í eigu K.Ó.

Fremri Vatnadal og reyndar er hugsanlegt að hann hafi haft báðar jarðirnar undir.

Árið 1703 bjuggu tveir bændur hér í Ytri-Vatnadal, þeir Jón Nikulásson, sem var þrítugur að aldri, og Þorsteinn Jónsson sem var 48 ára gamall.⁴⁹ Eiginkona Jóns hét Guðrún Ólafsdóttir en kona Þorsteins Gróa Jónsdóttir.⁵⁰ Um Jón og Guðrúnu er fátt kunnugt en Þorstein þennan er unnt að tengja við ættir landsins og hann var tvímælalaust með gildari bændum í Súgandafirði á sinni tíð og hreppstjóri um skeið (sjá hér Staður). Árið 1710 var Þorsteinn kominn að **Staðarhúsum ytri** og þar kynntum við hann fyrir lesendum þessa rits. Auk bændanna tveggja og þeirra fólks voru hjónin Jón Jónsson og Katrín Magnúsdóttir hér í húsmennsku með dætur sínar tvær árið 1703 en alls voru hér 16 manneskjur á þremur heimilum.⁵¹ Í Fremri-Vatnadal voru þá 11 heimilismenn.⁵²

Árið 1710 var Gottskálf Jónsson farinn að búa í Ytri-Vatnadal og bjó einn á allri jörðinni.⁵³ Aldarfjórðungi síðar bjó þessi sami maður svo á báðum jörðunum í Vatnadal eins og hér var áður skýrt frá (sjá hér Fremri-Vatnadalur) og hefur því, ef að líkum lætur, verið sæmilega loðinn um lófana. Ekki er kunnugt um neitt annað dæmi þess frá 18. eða 19. öld að einn og sami maður hafi búið á báðum Vatnadalsjörðunum í senn.

Árið 1746 settist ungur piltur frá Vatnadal í Skálholtsskóla.⁵⁴ Hann hét Jón Sigurðsson og var sonur hjónanna Sigurðar Þorleifssonar og Guðrúnar Jónsdóttur sem bjuggu í Vatnadal⁵⁵ og þá að líkindum hér í Ytri-Vatnadal því kunnugt er að bróðir og alnafni drengsins sem fór í Skálholtsskóla bjó einmitt hér og átti jörðina.⁵⁶

Sigurður Þorleifsson, sem hér var nefndur, hefur varla búið lengi í Ytri-Vatnadal því árið 1735 hafði Gottskálf Jónsson enn ábúið á jörðinni eins og fyrr var nefnt og árið 1741 virðist sonur Sigurðar, Jón eldri Sigurðsson, hafa verið tekinn við búi eða orðinn umráðamaður jarðarinnar með nokkrum hætti. Til marks um það má nefna að í bréfi sem Jón Árnason biskup skrifaði vorið 1741 segir hann að Jón Sigurðsson í Vatnadal vilji selja sér part úr jörðinni.⁵⁷ Af þeim kaupum mun þó ekki hafa orðið því Jón bóndi Sigurðsson í Ytri-Vatnadal átti jörðina enn 1753 og líka 1762 og bjó hér búi sínu.⁵⁸ Árið 1762 var hann 49 ára gamall⁵⁹ og hefur því verið 28 ára er hann hugðist selja Jóni biskupi Árnasyni part úr jörðinni. Eiginkona Jóns Sigurðssonar hét Kristín Sigurðardóttir (sjá hér

⁴⁹ Manntal 1703.

⁵⁰ Sama heimild.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Sama heimild.

⁵³ Jarðab. Á. og P. VII, 130.

⁵⁴ Ísl. æviskrár III, 262-263.

⁵⁵ Sama heimild.

⁵⁶ Lbs. 2368^{4to}, Sighvatur Grímsson Borgfirðingur / Prestaæfir XI, 553 og 751. Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

⁵⁷ Bps. A. IV, 12. Bréfab. J. Árnasonar bisk. 1740-1743, bls. 575. Bréf bisk. 8.5.1741 til Snæbj. Pálssonar.

⁵⁸ Jarða- og bændatöl 1752-1767, Ísafj.sýsla 1753. Manntal 1762.

⁵⁹ Manntal 1762.

bls. 8) og var 47 ára gömul árið 1762, ef marka má manntalið frá því ári,⁶⁰ tveimur árum yngri en eiginmaðurinn. Synir þeirra þrír voru þá 22ja, 18 og 2ja ára en dæturnar tvær 21 árs og 16 ára.⁶¹

Þó nokkur aldursmunur hefur að öllum líkindum verið á Jóni bónda Sigurðssyni og bróður hans og nafna sem fékk vist í Skálholtsskóla. Jón bóndi var fæddur 1713 eða því sem næst ef marka má aldur hans í manntalinu frá 1762 en Jón yngri, bróðir hans, sem hóf skólanám í Skálholti haustið 1746, hefur að líkindum verið fæddur um 1730. Hann gæti þó hafa verið eitthvað svolítið eldri. Nær fullvíst má telja að Jón Sigurðsson frá Vatnadal hafi verið eini bóndasonurinn út Súgandafirði sem fór í skóla á 18. öld. Í ljósi þess má skólaganga hans kallast merkileg. Sighvatur Borgfirðingur segir reyndar að Jón hafi alist upp hjá Þorkötlu ríku Jónsdóttur á Sæbóli á Ingjaldssandi og komist *til menningar og mennta ... að hennar tilhlutan*.⁶² Eitthvað kann að vera hæft í því en þess verður að geta að Þorkatla andaðist árið 1739 (sjá hér Sæból á Ingjaldssandi) sjö árum áður en Jón settist í Skálholtsskóla. Piltur þessi frá Vatnadal útskrifaðist sem stúdent vorið 1751 og varð ári síðar djákni á Þykkvabæjarklaustri.⁶³ Snemma á árinu 1754 tók hann vígslu og var prestur í Gufudal næstu tvö árin en síðan aðstoðarprestur í Holti í Önundarfirði í fimm ár.⁶⁴ Árið 1763 voru honum veitt Ögurþing og þar þjónaði hann í 18 ár og allt til æviloka en séra Jón andaðist haustið 1781.⁶⁵ Á prestskaparárum sínum í Ögurþingum bjó hann fyrst í Ögri, síðan á Strandseljum og á Eyri í Seyðisfirði frá 1768 en síðast að Fæti í Seyðisfirði.⁶⁶

Eiginkona séra Jóns Sigurðssonar frá Vatnadal var Ólöf Þórðardóttir, systir séra Þorsteins Þórðarsonar sem lengi var prestur á Stað í Súgandafirði á síðari hluta 18. aldar.⁶⁷ Að manni sínum látnum fluttist Ólöf til Súgandafjarðar og var um nokkurra ára skeið í Staðarhúsum ytri en síðan í Bæ, hjá Margréti, dóttur þeirra hjónanna, eiginkonu Þorgils Erlingssonar, bónda í Bæ (sjá hér Staður, Staðarhús ytri þar).

Árið 1762 var Jón Sigurðsson, bróðir og nafni prestsins í Ögurþingum, 49 ára sjálfseignarbóndi hér í Ytri-Vatnadal eins og áður var nefnt. Óljóst er hversu lengi hann lifði en Bjarni Jónsson, sem bjó hér árið 1786,⁶⁸ mun hafa verið sonur hans⁶⁹ og líklegast er að hann hafi tekið við búinu af föður sínum. Í manntalinu frá 1762 eru synir Jóns í Ytri-Vatnadal ekki nefndir með nafni en þar er einn þeirra sagður vera 18 ára⁷⁰ sem

⁶⁰ Manntal 1762.

⁶¹ Sama heimild.

⁶² Lbs. 2368^{4to}, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir XI, 751.

⁶³ Ísl. æviskrár III, 262-263.

⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁵ Sama heimild.

⁶⁶ Sama heimild.

⁶⁷ Sama heimild III, 262-263 og V, 96-97.

⁶⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁶⁹ Sbr. Lbs. 2368^{4to}, Sighv. Gr. Borgf. / Prestaæfir XI, 553.

⁷⁰ Manntal 1762.

passar nákvæmlega við aldur Bjarna í sóknarmannatali frá árinu 1786 en hann er þar sagður vera 42ja ára gamall.⁷¹ Í þessu felst vísbending um að Bjarni hafi verið sonur Jóns Sigurðssonar, sem hér bjó áður, og þegar við bætist að móðir Bjarna, sem dvaldist hjá honum árið 1786, er í sóknarmannatalinu frá því ári sögð 71 árs gömul⁷² má telja fullvíst að þeir hafi verið feðgar því sá aldur passar líka alveg nákvæmlega við aldurinn á eiginkonu Jóns Sigurðssonar eins og hann er gefinn upp í manntalinu frá 1762.⁷³ Móðir Bjarna hét Kristín Sigurðardóttir og ætti að hafa verið fædd árið 1714 eða 1715.⁷⁴ Hún var enn á lífi í Vatnadal árið 1797.⁷⁵ Þeir Jón Sigurðsson og Bjarni sonur hans munu báðir hafa verið sjálfseignarbændur því heimildir sýna að Jón átti Ytri-Vatnadal 1741, 1753 og 1762 (sjá hér bls. 6-7) og ekkja Bjarna, Guðrún Gísladóttir, var eigandi jarðarinnar árið 1805.⁷⁶

Þau Bjarni Jónsson og Guðrún Gísladóttir bjuggu í Ytri-Vatnadal frá því fyrir 1786 og allt til 1804 en Bjarni mun hafa andast á því ári.⁷⁷ Hjón þessi í Ytri-Vatnadal eignuðust tvo syni, Bjarna, sem fæddist árið 1781 eða því sem næst, og Halldór sem var um það bil sjö árum yngri.⁷⁸ Eldri sonurinn, Bjarni Bjarnason, varð úti á fjöllum uppi ásamt Jóni Jónssyni frá Fremri-Vatnadal í marsmánuði árið 1804 en þeir voru þá á heimleið úr kaupstaðarferð til Ísafjarðar (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Á búskaparárum Bjarna Jónssonar og Guðrúnar Gísladóttur í Ytri-Vatnadal var hér stundum einn og einn húsmáður. Nefna má Jón Jónsson, sem hér var 54 ára gamall árið 1786 og sagður er *vel fróður* í sóknarmannatalinu frá því ári, og Þórð Þorsteinsson sem var hér í húsmennsku árið 1793.⁷⁹ Hann var prestssonur frá Stað í Súgandafirði og nefndur Þórður *grástakkur*. Er hér var komið sögu var hann skilinn að borði og sæng við konu sína, Guðrúnu Erlingsdóttur, en hér er á öðrum stað gerð nánari grein fyrir Þórði (sjá Staður). Hjá Bjarna dvaldist líka um skeið Sigurður bróðir hans, áður bóndi í **Keflavík** (sjá hér Keflavík).

Þegar Bjarni Jónsson, bóndi í Ytri-Vatnadal, lést árið 1804 tók ekkja hans, Guðrún Gísladóttir, við stjórn búans.⁸⁰ Hún var dóttir séra Gísla Bjarnasonar, er síðast var prestur á Stað í Súgandafirði, en hann andaðist árið 1773 (sjá hér Staður). Eiginkona séra Gísla og móðir Guðrúnar í Vatnadal var Þuríður Jónsdóttir frá Melum í Hrútafirði en systur Guðrúnar voru Þuríður Gísladóttir, sem giftist Ólafi Magnússyni er lengi bjó á Eyri í Önundarfirði,⁸¹ og Halldóra Gísladóttir, sem giftist Páli Hákonarsyni í

⁷¹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷² Sama heimild.

⁷³ Manntal 1762.

⁷⁴ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. frá árinu 1786.

⁷⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁷⁶ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁷⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁷⁸ Sama heimild.

⁷⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandafirði.

⁸⁰ Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁸¹ Ísl. æviskrár II, 43-44.

Dufansdal í Arnarfirði, en hún var móðir Jóns silfursmiðs Jónssonar á Hvilft í Önundarfirði (sjá hér Hvilft).

Mann sinn, Bjarna Jónsson, og son þeirra, Bjarna Bjarnason, missti Guðrún Gísladóttir á sama árinu en henni tókst að halda velli og árið 1805 bjó hún hér með eina kú, eina kvígu og 15 sauðkindur.⁸² Þá mun Halldór, sonur þeirra Bjarna, hafa verið um 17 ára aldur og sex árum síðar var hann tekinn við búinu.⁸³ Hann var þá þegar kvæntur Guðrúnu Finnbjörnsdóttur sem var fáeinum árum eldri en eiginmaðurinn.⁸⁴ Á árunum upp úr 1810 bjuggu þau Halldór Bjarnason og Guðrún kona hans hér í tvíbýli á móti hjónunum Jóni Sigurðssyni og Borgnýju Ögmundsdóttur sem áður munu hafa verið vinnuhjú hjá foreldrum Halldórs.⁸⁵ Þessi skipan stóð þó aðeins í örfá ár og búskaparár Halldórs Bjarnasonar urðu færri en vænst hafði verið því fyrir lok ársins 1816 var Guðrún kona hans orðin ekkja.⁸⁶

Guðrún Finnbjörnsdóttir, eiginkona Halldórs Bjarnasonar, bjó áfram í Ytri-Vatnadal allt til ársins 1825, fyrst sem ekkja og síðar með nýjum eiginmanni.⁸⁷ Hún var dóttir hjónanna Finnbjörns Ólafssonar og Steinunnar Magnúsdóttur sem árið 1801 bjuggu á Breiðabóli í Skálavík.⁸⁸ Þá var Guðrún þar hjá þeim, sögð 14 ára gömul,⁸⁹ en nokkrum árum síðar fluttist hún til Súgandafjarðar. Foreldrar Guðrúnar höfðu áður búið á Meiribakka í Skálavík og fyrir 1790 á Sæbóli í Aðalvík.⁹⁰ Finnbjörn var úr Aðalvík en Steinunn kona hans var dóttir Magnúsar auðga í Meirihlíð og Þjóðólfstungu í Bolungavík Sigmundssonar, af ætt Hólsmanna í Bolungavík.⁹¹ Þau Finnbjörn og Steinunn munu hafa verið allvel efnum búin því þegar Steinunn dó árið 1816 átti hún meðal annars hálfa jörðina Sæból í Aðalvík og jörðina Skáladal í sömu sveit.⁹² Samtals var dýrleiki þessara tveggja jarðeigna Steinunnar talinn 16 hundruð.⁹³

Þegar Steinunn Magnúsdóttir á Breiðabóli andaðist fluttist Finnbjörn til Guðrúnar dóttur þeirra í Ytri-Vatnadal og átti hér heima í nokkur ár.⁹⁴ Í manntalinu frá 1. desember 1816 sést að Finnbjörn var þá þegar kominn í Vatnadal, sagður 67 ára.⁹⁵ Hann hefur þó líklega verið fáeinum árum yngri því að í manntalinu frá 1801 er hann sagður vera 48 ára gamall.⁹⁶ Vorið 1820 átti Finnbjörn enn heima hjá dóttur sinni í Ytri-Vatnadal og var þá formaður á bát sem reri úr Súgandafirði (sjá hér Suðureyrarhreppur,

⁸² Rtk. Jarðabækur V. 16, Ísafj.sýsla 1805.

⁸³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁸⁴ Sama heimild, mars 1811.

⁸⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Sbr. Manntal 1801, vesturamt, bls. 304.

⁸⁶ Manntal 1816, bls. 697.

⁸⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁸⁸ Manntal 1801, vesturamt, bls. 317-318. Sbr. nafnaskrá þessa manntals.

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 265-266.

⁹¹ Sama heimild. Vestfirskar ættir I, 109.

⁹² Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 256-259 og 280-282.

⁹³ Sömu heimildir.

⁹⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

⁹⁵ Manntal 1816, bls. 697.

⁹⁶ Manntal 1801, vesturamt, bls. 317.

inngangskafli). Hann hefur þá verið kominn hátt á sjötugsaldur og reyndar orðinn sjötugur sé aldurinn réttur í manntalinu frá 1816.

Á árum áður, þegar Finnbjörn bjó í Aðalvík, var hann kenndur við galdra⁹⁷ og virðist það orð hafi fylgt honum til Súgandafjarðar (sjá hér Staður). Í frásögn sem birt er í Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar af viðskiptum Finnbjörns á Sæbóli við Dýrfirðinga er hann sagður hafa verið bæði hygginn og hagorður og að margra dómi *kraftaskáld og fjölkunnugur*⁹⁸ (sbr. hér Fjallaskagi). Finnbjörn Ólafsson dó í Vatnadal 10. febrúar 1822.⁹⁹

Guðrúnu Finnbjörnsdóttur, sem var húsfreyja í Ytri-Vatnadal frá því um 1810 og til 1825, kallar séra Þorlákur Jónsson á Stað *rart góðkvendi*.¹⁰⁰ Með fyrri manni sínum, Halldóri Bjarnasyni, sem hér var áður nefndur, eignaðist hún að minnsta kosti þrjú börn sem öll voru hér hjá móður sinni árið 1816, Guðrún 6 ára, Guðfinna 5 ára og Gísli 3ja ára.¹⁰¹ Haustið 1821 var Guðrún enn búandi ekkja í Ytri-Vatnadal og bjó þá með þessa gripi: 3 kýr, 1 kvígu, 15 ær, 3 hrúta og/eða sauði, 3 gemlinga, 10 lömb og 2 hesta.¹⁰² Hún átti þá engan bát¹⁰³ en í búnaðarskýrslu frá árinu 1821 sést að mór var þá notaður hér til eldiviðar.¹⁰⁴

Skömmu eftir að Guðrún varð ekkja réðust til hennar í vinnumennsku feðgarnir Helgi Gunnarsson og Gestur Helgason.¹⁰⁵ Helgi var fæddur á Ósi í Steingrímsfirði um 1765 en Gestur sonur hans í Kálfavík í Ögursveit árið 1799 eða því sem næst.¹⁰⁶ Báðir voru þeir komnir að Ytri-Vatnadal árið 1816¹⁰⁷ og áttu hér heima næstu árin.¹⁰⁸ Svo fór að saman dró með hinum unga vinnumanni, Gesti Helgasyni, og húsfreyjunni á bænnum þótt hún væri 15 árum eldri en hann ef marka má aldur þeirra í manntalinu frá 1816. Haustið 1822 voru þau Gestur og Guðrún gefin saman í hjónaband¹⁰⁹ og næstu þrjú árin taldist Gestur vera bóndi í Ytri-Vatnadal.¹¹⁰ Brúðkaupsdagurinn var 13. október 1822 en 30. júní 1823 ól Guðrún tvíbura sem voru skírðir Finnbjörn og Finnur.¹¹¹

Vorið 1825 fluttust þau Guðrún Finnbjörnsdóttir og Gestur Helgason burt frá Ytri-Vatnadal með allt sitt og fóru að búa á Sæbóli í Aðalvík¹¹² en

⁹⁷ Þjóðsögur Jóns Árnasonar III, 477-478.

⁹⁸ Sama heimild.

⁹⁹ Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 265-266.

¹⁰⁰ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf., mars 1811.

¹⁰¹ Manntal 1816.

¹⁰² Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1821.

¹⁰³ Sama heimild.

¹⁰⁴ Sama heimild.

¹⁰⁵ Manntal 1816, bls. 697.

¹⁰⁶ Sama heimild.

¹⁰⁷ Sama heimild.

¹⁰⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁰⁹ Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 268.

¹¹⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹¹¹ Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 268.

¹¹² Sama heimild.

sú jörð var þá að hluta í eigu náinna ættingja Guðrúnar.¹¹³ Við burtför Gests og Guðrúnar urðu tímamót hér í Vatnadal. Þá voru liðin nær 90 ár frá því Sigurður Þorleifsson, sem hér var áður nefndur (sjá hér bls. 6-7), fór að búa í Ytri-Vatnadal en æ síðan höfðu hann og niðjar hans eða þeirra makar búið á jörðinni. Fyrst Sigurður Þorleifsson, síðan Jón Sigurðsson, þá Bjarni Jónsson, svo Halldór Bjarnason og loks ekkja Halldórs, Guðrún Finnbjörnsdóttir. Nú lauk þessu skeiði og annað fólk, óskilyt, settist hér að búi.

Áður en skilist verður við Guðrúnu Finnbjörnsdóttur og Gest Helgason skal þess getið að þau bjuggu mjög lengi á Sæbóli. Guðrún andaðist þar vorið 1850 en Gestur sumarið 1866.¹¹⁴ Sagt er að hann hafi verið *hygginn maður, duglegur og atorkusamur*.¹¹⁵ Er tímar liðu varð Gestur sjálfseignarbóndi á Sæbóli og virðist hafa búið einn á allri jörðinni eða með syni sínum.¹¹⁶ Þrír synir Guðrúnar Finnbjörnsdóttur urðu bændur í Aðalvík, Gísli Halldórsson í Þverdal, Finnbjörn Gestsson á Sæbóli og Finnur Gestsson sem bjó lengst í Neðri-Miðvík.¹¹⁷

Sumt af þessu fólki hitti þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson á ferð sinni norður í Aðalvík sumarið 1840 og minnst á Gísli Halldórsson í bréfi er hann ritaði vinum sínum í Kaupmannahöfn frá Stað á Snæfjöllum í lok ágúst á því sumri. Jónas segir þar:

*Er nú kominn norðan úr Rekavík; vitið þið hvar hún er?
Ketilríður mín í Görðum biður að heilsa ukkur, vildi ekki Jón
Eyjólfsson og ætlar nú að eiga hann Gísli dóna minn – bæði
í Aðalvík.*¹¹⁸

Jón Eyjólfsson, sem Jónas nefnir þarna, mun vera sá maður með því nafni sem síðar varð prestur á Stað í Aðalvík og var við nám í Kaupmannahöfn veturinn 1838-1839 en hann var verslunarmaður á Ísafirði um 1840.¹¹⁹ Gísli, sem líka er nefndur í bréfinu, og Ketilríður í Görðum vildi fremur eiga en hinn siglda stúdent er án nokkurs vafa Gísli Halldórsson frá Vatnadal sem fluttist 12 ára gamall norður í Aðalvík vorið 1825. Hann kvæntist Ketilríði Bjarnadóttur, heimasætu í Görðum í Aðalvík, 12. september 1840,¹²⁰ tólf dögum síðar en Jónas skrifaði bréfið. Ketilríður var þá að verða 18 ára en Gísli orðinn 27 ára.¹²¹ Gísli og Ketilríður bjuggu eitt ár í Görðum og síðan þrjú ár á Sæbóli en frá 1844 til

¹¹³ Kristinn Kristmundsson og Þorleifur Bjarnason 1971, 257-258.

¹¹⁴ Sama heimild, 268.

¹¹⁵ Sama heimild.

¹¹⁶ Sama heimild, 256-258 og 267-269.

¹¹⁷ Sama heimild, 215, 248-249 og 268.

¹¹⁸ Ritverk Jónasar Hallgrímssonar 1989 II, 52. Bréf Jónasar Hallgrímssonar 31. ágúst 1840 til Brynjólfs Péturssonar og Konráðs Gíslasonar.

¹¹⁹ Ísl. æviskrár III, 109-110.

¹²⁰ Kristinn Kristmundsson og Þorleifur Bjarnason 1971, 248-249.

¹²¹ Sama heimild.

1863 voru þau búandi hjón í Þverdal í Aðalvík og komu þar upp nokkrum börnum.¹²²

Sumt af fólkinu, sem fluttist frá Ytri-Vatnadal norður að Sæbóli í Aðalvík vorið 1825, mun hafa verið gefið fyrir söng. – *Nú er minn rómfagri svanurinn sofinn ...*, segir í eftirmælum um Finnbjörn Gestsson á Sæbóli, sem ort voru fyrir munn konu hans, en Finnbjörn fæddist í Ytri-Vatnadal 30. júní 1823 og dó á Sæbóli 9. júlí 1862.¹²³ Um Finnbjörn Gestsson segir Þórleifur Bjarnason að hann hafi verið *söngmaður góður* og tekur fram að söng- og tónlistaráhugi hafi fylgt niðjum hans.¹²⁴ Ekkja Finnbjörns, Ingveldur Sigurðardóttir, bjó á Sæbóli fram yfir 1880.¹²⁵

Hjónin sem byrjuðu búskap í Ytri-Vatnadal vorið 1825 hétu Lárentíus Hallgrímsson og Sigurborg Bergsdóttir.¹²⁶ Hann var þá 28 ára gamall¹²⁷ en hún 17 ára, fædd í apríl árið 1808 (sjá hér Staður, þar Staðarhús ytri). Lárentíus fæddist á Hóli í Bolungavík 23. ágúst 1796 og var sonur hjónanna Hallgríms Lárentíussonar og Þórdísar Pálmadóttur sem bjuggu þar frá 1795 til 1805 og síðan á Ósi í Bolungavík frá 1805 og fram undir 1820.¹²⁸ Rétt fyrir jólin árið 1818 dó hjá Hallgrími tæplega tvítugur piltur, sem var niðursetningur þar á Ósi, og var talið að hungur og ill meðferð hefðu dregið hann til dauða.¹²⁹ Málið kom fyrir rétt og 15. apríl 1822 var Hallgrímur dæmdur í landsyfirrétti til að sæta 15 vandarhagga refsingu.¹³⁰ Kona Hallgríms var þá dái en skömmu síðar fluttist hann til Súgandafjarðar og fór að búa á **Gelti** (sjá hér Göltur og Keflavík).

Lárentíus Hallgrímsson, sem hóf búskap í Ytri-Vatnadal vorið 1825, mun að einhverju leyti hafa alist upp hjá föðurafa sínum, Lárentíusi Erlendssyni á Hóli í Bolungavík.¹³¹ Sá Lárentíus var sonur Erlendar sýslumanns Ólafssonar á Hóli¹³² en Erlendur var sonarsonur séra Jóns Torfasonar á Stað í Súgandafirði (sjá hér Staður). Þeir Lárentíus, bóndi í Ytri-Vatnadal, og Hallgrímur faðir hans, sem dæmdur var til hýðingar, voru því af embættismönnum komnir.

Haustið 1816 var Lárentíus Hallgrímsson hjá foreldrum sínum á Ósi í Bolungavík, þá tvítugur að aldri,¹³³ en mun hafa flust til Súgandafjarðar skömmu síðar. Fardagaárin 1820-1821 og 1821-1822 var hann vinnumaður á **Norðureyri** en næsta ár í **Selárdal** og svo aftur á Norðureyri.¹³⁴ Árið 1822 eða 1823 náði hann taki á Sigurborgu Bergsdóttur og gerði henni

¹²² Kristinn Kristmundsson og Þórleifur Bjarnason 1971, 248-249.

¹²³ Sama heimild, 268.

¹²⁴ Sama heimild.

¹²⁵ Sama heimild.

¹²⁶ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹²⁷ Vestf. ættir I, 134 og II, 497.

¹²⁸ Sama heimild I, 134. Manntal 1816, vesturamt, bls. 314-315. Landsyfirréttar- og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873 II, 315-322.

¹²⁹ Landsyfirréttar- og hæstaréttardómar í íslenskum málum 1802-1873 II, 315-322.

¹³⁰ Sama heimild.

¹³¹ Manntal 1801, vesturamt, bls. 314-315.

¹³² Vestf. ættir I, 134. Ísl. æviskrár I, 443-444.

¹³³ Manntal 1816.

¹³⁴ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

barn (sjá hér Staður, - þar Staðarhús ytri, einnig Norðureyri). Hún var þá 15 ára og átti heima hjá ömmu sinni, Kristínu Bergsdóttur, búandi ekkju á Norðureyri.¹³⁵

Sigurborg var dóttir Bergs Jónssonar frá Norðureyri sem lengi bjó í Staðarhúsum ytri, hjáleigu frá Stað í Súgandafirði, og hafði hann eignast þessa stúlku fram hjá konu sinni (sjá hér Staður, - þar Staðarhús ytri). Móðir Sigurborgar var Bergljót Össurardóttir í Bæ sem seinna giftist Magnúsi Guðmundssyni og var lengi húsfreyja í Bæ (sjá hér Bær). Þegar Sigurborg fæddist var móðir hennar aðeins 17 ára gömul¹³⁶ og sjálf eignaðist hún sitt fyrsta barn, drenginn Berg Lárentíusson, er hún var á sextánda ári. Bergljót, móðir Sigurborgar, hefur því orðið amma aðeins 33ja ára gömul (sjá hér Bær).

Skömmu eftir fæðingu Bergs Lárentíussonar gengu foreldrar hans í hjónaband og vorið 1825 hófu þau búskap í Ytri-Vatnadal¹³⁷ eins og hér var áður nefnt. Kristín Bergsdóttir, amma Sigurborgar, fluttist með þeim frá Norðureyri út í Vatnadal og í sóknarmannatali frá marsmánuði árið 1826 er gamla konan sögð vera *guðrækin og skýr í andlegu*.¹³⁸ Í þessu sama sóknarmannatali fær Sigurborg þá einkunn hjá séra Eiríki Vigfússyni að hún sé *geðspök og vel að séra í andlegu* en Lárentíus segir prestur vera hæglatan og fáfróðan.¹³⁹

Þau Lárentíus Hallgrímsson og Sigurborg Bergsdóttir bjuggu í Ytri-Vatnadal í 20 ár, frá 1825 til 1845.¹⁴⁰ Árið 1827 bjuggu þau með 2 kýr, 1 kvígu, 18 ær, 8 lömb og 2 hesta og árið 1840 var bústofninn nokkurn veginn sá sami, það er 2 kýr, 16 ær, 3 gemlingar, 9 lömb og 2 hestar.¹⁴¹ Bæði 1827 og 1840 átti Lárentíus lítinn bát, 2ja eða 3ja manna far,¹⁴² og má ætla að þau hjónin hafi talist vera bjargálma.

Sigurborg Bergsdóttir ólst upp hjá ömmu sinni á Norðureyri¹⁴³ og hefur líklega aðeins séð foreldra sína stöku sinnum á uppvaxtarárunum því þau áttu bæði heima í Staðardal.¹⁴⁴ Í Vatnadal var Sigurborg hins vegar í næsta nágrenni við báða foreldrana því móðir hennar var í Bæ og faðir hennar í Staðarhúsum á árunum 1825-1845.¹⁴⁵

Þegar Lárentíus og Sigurborg fóru frá Ytri-Vatnadal vorið 1845 fluttust þau að Gelti og bjuggu þar í 17 ár en vorið 1862 fóru þau að búa á jarðarparti í Bæ og þar andaðist Lárentíus vorið 1866 (sjá hér Bær). Þrír synir Lárentíusar og Sigurborgar fluttust með þeim úr Vatnadal að Gelti

¹³⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹³⁶ Vestf. ættir I, 396. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹³⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹³⁸ Sama heimild.

¹³⁹ Sama heimild.

¹⁴⁰ Sama heimild.

¹⁴¹ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XX. 1, búnaðarskýrslur 1827. VA III, 408, búnaðarskýrslur 1840.

¹⁴² Sömu heimildir.

¹⁴³ Kristján G. Þorvaldsson 1983, 130-133 (Ársrit S.Í.). Manntal 1816. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁴⁴ Sömu heimildir.

¹⁴⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

vorið 1845, þeir Ólafur, Sigurður og Pálmi,¹⁴⁶ en þeir urðu allir bændur í Súgandafirði (sjá hér Göltur, Botn og Keflavík). Elsti sonurinn, Bergur Lárentíusson, hafði hins vegar alist að mestu leyti upp hjá afa sínum, Bergi Jónssyni í Staðarhúsum (sjá hér Staður, Staðarhús ytri þar) og var árið 1845 orðinn vinnumaður hjá prestinum á Stað.¹⁴⁷

Áður var þess getið að Kristín Bergsdóttir, sem lengi var húsfreyja á Norðureyri, hefði flust með Sigurborgu, sonardóttur sinni, og eiginmanni hennar að Ytri-Vatnadal vorið 1825. Kristín mun þá hafa verið 74 ára gömul eða því sem næst¹⁴⁸ en svo fór að gamla konan lifði öll þau 20 ár sem Lárentíus og Sigurborg bjuggu í Ytri-Vatnadal og fluttist með þeim að Gelti vorið 1845.¹⁴⁹ Í manntalinu frá 2. nóvember á því ári er Kristín sögð vera 98 ára gömul¹⁵⁰ en ýmsar aðrar heimildir benda til þess að hún hafi verið um það bil fjórum árum yngri.¹⁵¹ Aldurinn var samt orðinn svo hár að einsdæmi mátti kallast á þessum tíma. Kristín andaðist á Gelti haustið 1846¹⁵² og mun þá hafa verið orðin 95 ára gömul.¹⁵³ Sonur hennar, Þorleifur Þorkelsson, komst reyndar líka yfir nírátt (sjá hér Suðureyri) og sonardóttir Kristínar, Sigurborg Bergsdóttir, sem í tuttugu ár var húsfreyja í Ytri-Vatnadal, náði að verða 97 ára gömul.¹⁵⁴ Hún dó á Gelti 30. júní 1905.¹⁵⁵

Á árunum 1845 til 1867 var Jórunn Jónsdóttir húsfreyja í Ytri-Vatnadal.¹⁵⁶ Hún bjó hér fyrst með fyrri eiginmanni sínum, Jóhannesi Sigurðssyni, frá 1845 til 1853, síðan sem ekkja í nokkur ár en frá 1857 til 1862 með seinni manni sínum, Magnúsi Guðbrandssyni, og aftur sem ekkja frá 1862 til 1867.¹⁵⁷

Jórunn var fædd norður á Snæfjallaströnd árið 1817 eða 1818.¹⁵⁸ Árið 1839 fluttist hún, liðlega tvítug að aldri, frá Bæjum á Snæfjallaströnd sem vinnukona að Bæ í Súgandafirði.¹⁵⁹ Þremur árum síðar giftist hún Jóhannesi Sigurðssyni og áttu þau þá heima í Bæ.¹⁶⁰ Við hjónavígsluna er Jóhannes sagður vera einu ári yngri en Jórúnn.¹⁶¹ Hann var sonur Sigurðar Sigurðssonar og Þórunnar Jónsdóttur¹⁶² sem bjuggu um skeið í Fremri-Vatnadal og voru þar lengi í húsmennsku (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Af

¹⁴⁶ Manntal 1845, vesturamt, bls. 294.

¹⁴⁷ Sama heimild, bls. 290.

¹⁴⁸ Manntal 1801, vesturamt, bls. 301. Manntal 1816, bls. 700. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1826.

¹⁴⁹ Manntal 1845, vesturamt, bls. 294. Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁵⁰ Manntal 1845.

¹⁵¹ Manntal 1801, vesturamt, bls. 301. Manntal 1816, bls. 700. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1826.

¹⁵² Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁵³ Sbr. Manntal 1801, vesturamt, 301. Manntal 1816, 700. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. mars 1826.

¹⁵⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandafirði.

¹⁵⁵ Sömu heimildir.

¹⁵⁶ Sömu heimildir.

¹⁵⁷ Sömu heimildir.

¹⁵⁸ Manntal 1845, vesturamt, bls. 291.

¹⁵⁹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁶⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁶¹ Sama heimild.

¹⁶² Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

börnum Jóhannesar og Jórunnar komst a.m.k. ein dóttir upp, Sigríður Jóhannesdóttir,¹⁶³ en hún giftist árið 1868 Sigurði Þórarinssyni, er þá átti heima á Stað í Súgandafirði,¹⁶⁴ og fluttist með honum til Bolungavíkur árið 1874 (sjá hér Staður).

Árið 1853 eða 1854 andaðist Jóhannes bóndi Sigurðsson í Ytri-Vatnadal en Jórunn ekkja hans hélt búskapnum áfram.¹⁶⁵ Fardagaárin 1854-1855 og 1855-1856 var Albert Jónsson ráðsmaður hjá henni og með honum voru þá í Ytri-Vatnadal Guðfinna Þorleifsdóttir, eiginkona hans, og barnungur sonur þeirra, Kristján Albertsson, síðar bóndi á Suðureyri.¹⁶⁶

Árið 1856 réðist tvítugur piltur frá Bæ í Súgandafirði til Jórunnar í Ytri-Vatnadal og gerðist fyrirvinna hennar.¹⁶⁷ Þetta var Magnús Guðbrandsson, sonur hjónanna Guðbrandar Jónssonar og Ástríðar Magnúsdóttur¹⁶⁸ sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá hér Bær). Haustið 1857 voru þau Magnús og Jórunn svo gefin saman í hjónaband¹⁶⁹ og þar með komst hann í bændatölu. Magnús var þá 22ja ára gamall en hún komin undir fertugt.¹⁷⁰ Þessa unga eiginmanns síns naut Jórunn ekki lengi því hann druknaði 17. júní 1862 ásamt Kristjáni Sigfússyni, liðlega fertugum vinnumanni hjá Friðbert Guðmundssyni í Fremri-Vatnadal.¹⁷¹ Ætla má að þeir hafi farið í fiskiróðri. Að Magnúsi önduðum hélt Jórunn búskapnum áfram og stóð hér enn fyrir búi vorið 1867.¹⁷² Með síðari eiginmanninum eignaðist hún tvö börn.¹⁷³ Annað þeirra dó skömmu eftir fæðingu en óljóst er hvað varð um hitt.¹⁷⁴

Á dögum Jórunnar virðist búið í Ytri-Vatnadal hafa mátt kallast meðalbúi. Þau Jóhannes bjuggu árið 1850 með 2 kýr, 1 kálf, 18 ær, 14 gemlinga, 18 lömb og 3 hesta en tíu árum síðar voru á búi hennar og Magnúsar 2 kýr, 1 kvíga eða nautkálfur, 20 ær, 8 gemlingar, 2 hestar og 1 tryppi.¹⁷⁵ Lítil bátur, tveggja eða þriggja manna far, var í eigu fólksins í Ytri-Vatnadal bæði 1850 og 1860.¹⁷⁶ Líklegt er að Magnús Guðbrandsson, hinn ungi eiginmaður Jórunnar, hafi farið á honum í sinn hinsta róður 17. júní 1862. Sjálf andaðist hún í Vatnadal 18. nóvember 1867, sögð 50 ára.¹⁷⁷

¹⁶³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁶⁴ Sömu heimildir.

¹⁶⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁶⁶ Sama heimild.

¹⁶⁷ Sama heimild.

¹⁶⁸ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁶⁹ Sömu heimildir.

¹⁷⁰ Sömu heimildir.

¹⁷¹ Sömu heimildir.

¹⁷² VA III, 420, búnaðarskýrslur 1867.

¹⁷³ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁷⁴ Sömu heimildir.

¹⁷⁵ VA III, 412 og 417, búnaðarskýrslur 1850 og 1860.

¹⁷⁶ VA III, 412 og 417, búnaðarskýrslur 1850 og 1860.

¹⁷⁷ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

Það voru ung hjón sem fóru að búa í Ytri-Vatnadal þegar Jórunn andaðist, þau Þórður Þórðarson og Helga Sigurðardóttir.¹⁷⁸ Helga var dóttir Sigurðar Bjarnasonar og Guðnýjar Nikulásdóttur sem þrjátíu árum fyrr höfðu búið skamman tíma í Fremri-Vatnadal en seinna á Norðureyri (sjá hér Norðureyri). Foreldrar Þórðar, þau Þórður Bjarnason og Guðrún Þórarinsdóttir, voru búsett í Vatnsfjarðarsveit við Djúp¹⁷⁹ og þar fæddist Þórður árið 1832 eða því sem næst,¹⁸⁰ líklega í Reykjarfirði.¹⁸¹ Föður sinn missti hann á sínu fyrsta aldursári og reyndar má vera að faðirinn hafi andast áður en Þórður fæddist.¹⁸² Árið 1831 voru foreldrar Þórðar búsett í Reykjarfirði í Vatnsfjarðarsveit en árið 1832 eða 1833 fluttist móðir hans til foreldra sinna, sem bjuggu í Hörgshlíð í sömu sveit, og var þá orðin ekkja.¹⁸³ Þar var Þórður hjá móður sinni veturinn 1832-1833, sagður 1 árs gamall.¹⁸⁴ Árið 1835 voru þau enn í Hörgshlíð¹⁸⁵ en árið 1840 voru þau komin að Bjarnastöðum í Ísafirði til Kristínar Þórarinsdóttur, móðursystur Þórðar, og eiginmanns hennar, Þórarins Sigurðssonar.¹⁸⁶ Hjá þessum hjónum ólst Þórður síðan upp, fyrst á Bjarnastöðum en síðan á Látrum í Mjóafirði.¹⁸⁷ Þar átti Þórður heima haustið 1845 og er þá sagður vera 13 ára fóstursonur nýnefndra hjóna.¹⁸⁸

Sjö árum síðar, haustið 1852, slitnaði upp úr hjúskap Kristínar og Þórarins á Látrum og á útmánuðum næsta vetrar fluttist Kristín og flest börn hennar búferlum frá Látrum að Hjarðardal í Önundarfirði eins og frá er sagt á öðrum stað í þessu riti (sjá hér Innri-Hjarðardalur). Í þeim sögulegu búferlaflutningum fylgdi Þórður frænku sinni og fósturu og þegar Kristín fluttist fjórum árum síðar frá Hjarðardal að Botni í Súgandafirði var hann enn í fylgdarliði hennar, orðinn hálfþrítugur (sjá hér Staður). Frá 1857 til 1864 var Þórður vinnumaður hjá fósturu sinni, Kristínu Þórarinsdóttur, sem þá bjó í Botni.¹⁸⁹ Hann kvæntist Helgu Sigurðardóttur árið 1858 og næstu árin voru þau bæði vinnuhjú í Botni.¹⁹⁰ Helga var fædd í Fremri-Vatnadal árið 1836,¹⁹¹ dóttir Sigurðar Bjarnasonar og Guðnýjar konu hans eins og hér var áður nefnt. Á þeim árum sem Þórður átti heima í Botni mun hann hafa stundað sjóróðra og var árið 1862 í skiprúmi hjá frænda sínum, Sigurði Þórarinssyni í Botni, sem reri þá frá Bolungavík.¹⁹²

¹⁷⁸ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1868.

¹⁷⁹ Vestf. ættir I, 225. Gunnar M. Magnúss / Kr. G. Þorv.son 1977, 159. Sbr. Eyjólfur Jónsson 1980, 133 (Ársrit S.Í.).

¹⁸⁰ Sömu heimildir.

¹⁸¹ Sbr. Sóknarm.töl Vatnsfjarðarprestakalls.

¹⁸² Sóknarm.töl Vatnsfjarðarprestakalls.

¹⁸³ Sama heimild.

¹⁸⁴ Sama heimild.

¹⁸⁵ Manntal 1835.

¹⁸⁶ Manntal 1840.

¹⁸⁷ Manntal 1845. Sbr. Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 159.

¹⁸⁸ Manntal 1845.

¹⁸⁹ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹² Eyjólfur Jónsson 1980, 131-133.

Árið 1864 fluttist Kristín Þórarinsdóttir frá Botni og fór að búa á Stað í Súgandafirði (sjá hér Staður) og tveimur árum síðar hóf Þórður frændi hennar búskap í Vatnadal.¹⁹³ Fardagaárin 1866-1867 og 1867-1868 bjuggu þau Þórður og Helga kona hans í tvíþýli í Fremri-Vatnadal en vorið 1868 fengu þau allan Ytri-Vatnadal til ábúðar og bjuggu þar næstu 17 árin.¹⁹⁴ Þau eignuðust a.m.k. átta börn og upp komust fjórar dætur og einn sonur, Guðrún, Guðný, Arína, Herdís og Þórður.¹⁹⁵

Árið 1870 bjó Þórður í Ytri-Vatnadal með 2 kýr, 19 ær, 12 gemlinga og 2 hesta, ef marka má búnaðarskýrslur,¹⁹⁶ og tíu árum síðar var bú hans aðeins stærra.¹⁹⁷ Árið 1870 átti hann engan bát en árið 1880 voru bændurnir tveir í Vatnadal, Þórður og Guðmundur Jónsson, búnir að eignast sexæring eða fjöggra manna far sem þeir áttu saman (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Sagt er að Þórður bóndi Þórðarson hafi verið hagnætur og að mörgu vel gefinn.¹⁹⁸ Magnús Hjaltason getur þess að hann hafi verið forsöngvari í Staðarkirkju og í einu handrita Magnúsar er að finna 38 vísur sem hann segir Þórð hafa ort vegna mannskaðans er varð í Staðardal 18. desember 1873 þegar fimm menn af bæjunum í dalnum drukknuðu í lendingu.¹⁹⁹

Á búskaparárum Þórðar og Helgu konu hans í Vatnadal var stundum hjá þeim húsfólk. Sigurður Þórarinsson, frændi Þórðar og fósturbróðir, sonur Kristínar Þórarinsdóttur á Stað, var í húsmennsku í Ytri-Vatnadal frá 1869 til 1874.²⁰⁰ Hann var þá orðinn fjölskyldumaður, kvæntur Sigríði Jóhannesdóttur frá Vatnadal (sjá hér bls. 15 og Staður). Á þessum árum mun Sigurður hafa verið formaður á skipi móður sinnar í hákarlalegum (sjá hér Staður) og ekki ólíklegt að þar hafi Þórður verið í skiprúmi.

Þegar Sigurður Þórarinsson fór frá Vatnadal árið 1874 kom annar húsmáður með sína fjölskyldu í hans stað. Var það Andrés Sakariásson og var hann í húsmennsku hjá Þórði í Ytri-Vatnadal næstu fimm árin.²⁰¹ Andrésar hefur áður verið getið í þessu riti en hann fór frá Vatnadal að **Lækjarkoti**, hjáleigu frá Stað, og var þar í nokkur ár með konu sína og börn (sjá hér Staður, Lækjarkot þar).

Oft var fjölmennt í Ytri-Vatnadal á búskaparárum hjónanna Þórðar og Helgu. Nefna má að við lok ársins 1872 taldist heimafólk á bænum vera átján.²⁰² Í þeim hópi voru foreldrar húsfreyjunnar, þau Sigurður Bjarnason og Guðný Nikulásdóttir, sem þá voru orðin roskin, bæði á áttæðisaldri ef marka má aldur þeirra í manntalinu frá 1845.²⁰³ Þau dóu bæði í Vatnadal

¹⁹³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁴ Sama heimild.

¹⁹⁵ Sama heimild og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

¹⁹⁶ VA III, 421, búnaðarskýrslur 1870.

¹⁹⁷ VA III, 424, búnaðarskýrslur 1880.

¹⁹⁸ Valdimar Þorvaldsson 1963, 58 (Ársrit S.Í.).

¹⁹⁹ Lbs. 2236^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 65 og áfram.

²⁰⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁰¹ Sama heimild.

²⁰² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²⁰³ Manntal 1845, vesturamt, bls. 293.

nokkrum árum síðar, Sigurður 1876 og Guðný 1878.²⁰⁴ Á árunum upp úr 1870 var Sigurður gamli Bjarnason jafnan í nokkrum viðskiptum við verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri.²⁰⁵ Þjóðhátíðarárið 1874 tók hann út þessar vörur: Eina peningabuddu, 5 álnir af *rafndúk*, sem er sterkt og þéttofið léreft, 10 álnir af hvítu lérefti, 5 álnir af röndóttu lérefti, lítið eitt af tvíanna, segldúk og seglgarni, eitt kaskaitei, eitt pund af kringlum, þrjú pund af rullu og tvo potta af brennivíni.²⁰⁶ Auk þessa varnings, sem kostaði samtals 13 ríkisdali, tók karlinn út einn ríkisdal í peningum.²⁰⁷ Inn á reikning Sigurðar hjá Hjálmari komu hins vegar 17 ríkisdalir þetta sama ár.²⁰⁸ Alla þá dali nema einn borgaði Þórður bóndi í Vatnadal en þennan eina ríkisdal greiddi Sigurður Þórarinnsson inn á reikning nafna síns *af stúf* eins og það er orðað í höfuðbók verslunarinnar.²⁰⁹ Slík bókun gæti bent til þess að gamli maðurinn hafi enn verið í skiprúmi hjá Sigurði Þórarinssyni því *stúfur* var nefndur svolítill spotti af lóðinni og fengu hásetar allan afla óskiptan sem kom á þá öngla.²¹⁰

Vorið 1885 hvarf Þórður Þórðarson frá búskap í Ytri-Vatnadal og fluttist að Suðureyri til Guðrúnar dóttur sinnar sem hafði gíft Kristjáni Albertssyni, bónda þar, haustið 1883.²¹¹ Þegar Þórður hætti að búa var hann aðeins rétt liðlega fimmtugur. Hann átti þá skammt eftir ólifað. Þann 23. júní 1886 fór hann í róður á bát frá Suðureyri.²¹² Er þeir voru á leið til lands tókst svo slysalega til að bátnum hvolfdi.²¹³ Annar bátur var þar skammt frá og gátu þeir sem á honum voru náð öllum mönnum en Þórður var meðvitundarlaus er hann náðist og tókst ekki að lífga hann við.²¹⁴ Hinir mennirnir sem með honum voru á bátnum björguðust allir.²¹⁵ Helga Sigurðardóttir, kona Þórðar, lifði 12 árum lengur en hún andaðist hjá Guðrúnu dóttur þeirra á Suðureyri árið 1898.²¹⁶

Fardagaárið 1885-1886 bjó enginn bóndi í Ytri-Vatnadal en tveir húsmenn, þeir Marías Þorgilsson og Pétur Pétursson, höfðust hér við með sínar fjölskyldur.²¹⁷ Marías og kona hans, Ástríður Halldórsdóttir, fluttust frá Vatnadal að Lækjarkoti í landi Staðar vorið 1886 og voru síðasta hjáleigufólkið á Stað (sjá hér Staður, Lækjarkot þar) en Pétur Pétursson bjó síðar allengi á **Klúku**, hjáleigu frá Botni (sjá hér Botn, Klúka þar).

²⁰⁴ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁰⁵ Hsk. Ísaf. nr. 089. Höfuðbók nr. 5 frá verslun Hjálmars Jónssonar á Flateyri, bls. 90.

²⁰⁶ Sama heimild.

²⁰⁷ Sama heimild.

²⁰⁸ Sama heimild.

²⁰⁹ Sama heimild.

²¹⁰ Lúðvík Kristjánsson 1983, 313-316.

²¹¹ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²¹² Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 159.

²¹³ Sama heimild.

²¹⁴ Sama heimild. Sbr. Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²¹⁵ Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 159.

²¹⁶ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²¹⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

Vorið 1886 hóf Þórður Jónsson búskap í Ytri-Vatnadal og bjó hér næstu tíu árin.²¹⁸ Bústýra hans á þeim árum var Sigríður Sigurðardóttir, systir Helgu, eiginkonu Þórðar Þórðarsonar sem bjó hér næstur á undan Þórði Jónssyni.²¹⁹

Þeir Þórður Þórðarson í Ytri-Vatnadal og Þórður Jónsson, sem bjó næstur á eftir honum á þessari sömu jörð, voru líka náskyldir því Þórður Bjarnason, faðir Þórðar Þórðarsonar, og Guðríður Bjarnadóttir, móðir Þórðar Jónssonar, voru systkini²²⁰ (sjá hér Tannanes). Afi beggja Þórðanna í Ytri-Vatnadal var Bjarni Þórðarson í Reykjarfirði við Djúp²²¹ en faðir hans var Þórður Arason á Eyri í Ísafirði, sonur Ara Jónssonar, lögréttumanns í Reykjarfirði.²²² Í Lögréttumannatali segir reyndar að Þórður Arason, sonur Ara lögréttumanns, hafi búið á Eyri í Skutulsfirði²²³ en það mun vera misritun fyrir Eyri í Ísafirði.²²⁴

Þórður Jónsson, sem hóf búskap í Ytri-Vatnadal vorið 1886, var fæddur á Tannanesi í Önundarfirði 9. nóvember árið 1839,²²⁵ sonur hjónanna Jóns Björnssonar og Guðríðar Bjarnadóttur sem þar bjuggu (sjá hér Tannanes). Fjögur af börnum Jóns Björnssonar og Guðríðar konu hans á Tannanesi fluttust til Súgandafjarðar og ílentust þar.²²⁶ Auk Þórðar, sem hér var nefndur, voru það Sigríður, er giftist Jóhannesi Albertssyni og varð húsfreyja á Norðureyri, Guðný, sem um eitt skeið var húsfreyja í Klúku, hjáleigu frá Botni, en átti síðast heima hjá dóttur sinni, Guðrúnu Sigurðardóttur í Bæ, og svo Geirmundur sem bjó í allmörg ár á **Gilsbrekku**.²²⁷

Þórður frá Tannanesi kvæntist árið 1862 Maríu Sigurðardóttur er var fósturdóttir hjónanna Jóhannesar Jónssonar og Rósu Guðmundsdóttur á **Laugum** en foreldrar Maríu voru hjónin Sigurður Sigurðsson og Guðrún Örnólfsdóttir frá Suðureyri sem bjuggu um skeið í Botni (sjá hér Botn).²²⁸ Þórður og María tóku við búi á Laugum vorið 1863 og bjuggu þar í þrjú ár en síðan í Botni frá 1866.²²⁹ Þar andaðist María árið 1882 en Þórður bjó áfram í Botni uns hann hóf búskap í Ytri-Vatnadal vorið 1886.²³⁰ Með Maríu konu sinni eignaðist Þórður tíu börn en þau dóu flest á ungum aldri.²³¹ Upp komust tveir synir Marías, fæddur 1868, og Kristján Hólm, fæddur 1878.²³²

²¹⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²¹⁹ Sama heimild og prestsþj.bækur Staðar í Súgandaf.

²²⁰ Vestf. ættir I, 225.

²²¹ Sama heimild.

²²² Lögréttumannatal, bls. 7 og Manntal 1801, vesturamt, bls. 336.

²²³ Lögréttumannatal, bls. 7.

²²⁴ Vestf. ættir I, 225. Manntal 1801, vesturamt, bls. 336.

²²⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Holts í Önundarf. og Staðar í Súgandaf. Vestf. ættir II, 473.

²²⁶ Sömu heimildir.

²²⁷ Sömu heimildir.

²²⁸ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²²⁹ Sömu heimildir.

²³⁰ Sömu heimildir.

²³¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³² Sömu heimildir.

Þórður Jónsson var að sögn *forstands- og dugnaðarmaður*.²³³ Er hann fluttist að Vatnadal var hann farinn að nálgast fimmtugt og Sigríður, bústýra hans, var á svipuðum aldri.²³⁴ Þeim fylgdu hingað báðir synir Þórðar, þeir Marías og Kristján Hólm, svo og 9 ára fósturdóttir, Jóhanna Hálfðanardóttir, og líka Steinn Kristjánsson sem þá var unglíngur en hann var sonur bústýrunnar.²³⁵ Sigríður Sigurðardóttir, sem á fimmtugsaldri gerðist bústýra Þórðar Jónssonar, hafði tvívegis verið gift en var nú fyrir allöngu orðin ekkja í annað sinn.²³⁶ Eiginmenn hennar, þeir Sigmundur Jónsson og Kristján Þorgilsson, sem létust af slysförum höfðu báðir búið í Botni (sjá hér Botn). Með Sigmundi hafði Sigríður eignast dótturina Sigmundínu, sem árið 1886 var orðin húsfreyja í Hraunakoti (sjá hér Fremri-Vatnadalur, Hraunakot þar), en með Kristjáni soninn Stein er fylgdi móður sinni og Þórði Jónssyni að Ytri-Vatnadal.

Fardagaárið 1893-1894 voru Jóhannes Guðmundsson og Guðrún Jónsdóttir, er seinna bjuggu lengi á Kvíanesi, í húsmennsku hjá Þórði bónda í Ytri-Vatnadal.²³⁷ Einar Jónsson var hér líka húsmáður það ár.²³⁸ Hann var þá liðlega fimmtugur ekkjumaður, fæddur í Þjóðólfstungu í Bolungavík 24. febrúar 1841.²³⁹ Einar hafði búið á Meiri-Bakka í Skálavík en fluttist til Súgandafjarðar árið 1887 og átti þaðan í frá oftast heima á Suðureyri.²⁴⁰ Hann andaðist á Suðureyri 5. júní 1908.²⁴¹ Einar hélt lengi dagbók og skrifaði í hana á hverjum degi árið sem hann var búsettur hjá Þórði og Sigríði í Ytri-Vatnadal.²⁴²

Í þessum skrifum Einars frá árinu hans í Ytri-Vatnadal er margvíslegan fróðleik að finna um daglegt líf fólksins á bænum og lýsingar hans á veðurfari eru hinar merkilegustu, ekki síst orðfærið.²⁴³ Hér verður nú minnst á eitt og annað sem Einar greinir frá í dagbókarskrifunum en þó aðeins örlítið brot af öllu því sem þar er fært í letur.

Einar kom í Vatnadal 25. júní 1893 en um vorið hafði hann verið við róðra í Hnífsdal.²⁴⁴ Daginn eftir komu sína í dalinn fór Einar *ofan í Keravík* með tvo hesta og var þar með fleiri mönnum að vaska fisk en þetta vor hafði Þórður bóndi í Ytri-Vatnadal verið í skiprúmi hjá Sturlu Jónssyni á Stað.²⁴⁵ Að kvöldi 26. júní reiddi Einar fram eftir púlt sitt og rúm sem hvort tveggja hafði verið flutt út í **Keravík** á sjó frá **Suðureyrarmölum**.²⁴⁶ Þann 1. júlí voru Einar og fjórir aðrir menn úr Staðardal í 12 tíma við að

²³³ Valdimar Þorvaldsson 1963, 68 (Ársrit S.Í.).

²³⁴ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³⁵ Sömu heimildir.

²³⁶ Sömu heimildir.

²³⁷ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

²³⁸ Sama heimild.

²³⁹ Sama heimild. Prestsþj.b. Eyra í Skutulsf. og Hóls í Bol.vík. Gunnar M. Magnúss 1977, 290 og 421.

²⁴⁰ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. og Hólssóknar í Bolungavík.

²⁴¹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

²⁴² Lbs. 3858^{4to} og Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 1893-1894.

²⁴³ Sama heimild.

²⁴⁴ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar maí, júní 1893.

²⁴⁵ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 26. og 30. júní 1893.

²⁴⁶ Sama dagbók, 26.6.1893.

ryðja götuna sem lá fram **Sunddal** og upp á **Klofningsheiði**.²⁴⁷ Dagana 3. og 4. júlí fór fólkið í Ytri-Vatnadal *ofan í Magnúsargrafir* að taka upp mó.²⁴⁸ Óljóst er nú hvar Magnúsargrafir muni hafa verið en þess má geta að um það bil miðja vega milli túngirðingarinnar í Bæ og landamerkjja Vatnadals og Bæjar voru um 1940 gamlar mógrafir sem þá var fyrir löngu hætt að nota.²⁴⁹

Þann 10. júlí 1893 fóru Þórður bóndi í Ytri-Vatnadal og Sigríður bústýra hans ríðandi á Ísafjörð og lögðu af stað klukkan fjögur að morgni.²⁵⁰ Sama dag byrjaði Einar að slá *utan til við skemmuna* en Þórður og Sigríður komu aftur frá Ísafirði næsta dag.²⁵¹ Hálfum mánuði síðar var búið að slá allt túnið og 27. júlí hófst engjasláttur.²⁵² Byrjað var í **Tvísteinaparti** en þetta sumar heyjaði fólkið í Ytri-Vatnadal líka í **Breiðaparti**, **Hraunsteig**, **Fjósaparti** og **Gunnarslág** og einnig *fyrir framan túnið*.²⁵³ Engjaslætti virðist hafa lokið 8. september en mikið af útheyinu var þurrkað heima á túni og um miðjan september var lokið við að koma því í hlöður og galta.²⁵⁴ Alla töðu mun hins vegar hafa tekist að hirða fyrir ágústlok því 27. ágúst skar Þórður bóndi gemling sem ætlaður var í töðugjöldin.²⁵⁵

Þetta sumar var Þórður nokkuð oft í ferðalögum. Þann 10. júlí fór hann á Ísafjörð eins og áður sagði. Fimm dögum síðar fór hann á Flateyri og 22. júlí fór hann aftur á Flateyri, að því sinni með Staðarmönnum til að sækja hval.²⁵⁶ Hvalinn hafa þeir án efa fengið á norsku hvalveiðistöðinni á Sólbakka. Þann 22. september fór Þórður bóndi enn á Flateyri og færði dagbókarskrifaranum þriggja pela flösku af brennivíni þegar hann kom til baka.²⁵⁷

Á þessum árum nytjaði Þorbjörn Gissurarson, bóndi á Suðureyri, hluta af túninu í Ytri-Vatnadal eins og hér hefur áður verið nefnt. Sumarið 1893 voru börn hans, sem þá voru vaxin úr grasi, stundum hér við heyskap og þann 5. ágúst lagði sonur hans, Jón Þorbjörnsson, net í ána, *dró á og fékk 7 silunga*.²⁵⁸

Amerískir lúðuveiðarar, sem höfðu aðalbækistöð sína á Þingeyri (sjá hér Þingeyri), voru að veiðum úti fyrir Vestfjörðum sumarið 1893 og fóru stundum í land þar sem henta þótti. Nokkrir úr þeirra hópi komu í Vatnadal laugardaginn 12. ágúst. Daginn eftir segir Einar frá komu þeirra og greinir frá á þessa leið:

²⁴⁷ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, 1.7.1893.

²⁴⁸ Sama dagbók, 3. og 4. júlí 1893.

²⁴⁹ Guðmundur Ibsen. – Viðtal K.Ó. við hann 16.5.1996.

²⁵⁰ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 10.7.1893.

²⁵¹ Sama dagbók, 10. og 11. júlí 1893.

²⁵² Sama dagbók, júlí 1893.

²⁵³ Sama dagbók, júlí – sept. 1893.

²⁵⁴ Sama heimild.

²⁵⁵ Sama dagbók, 27.8.1893.

²⁵⁶ Sama dagbók, 15. og 22. júlí 1893.

²⁵⁷ Sama dagbók 22.9.1893.

²⁵⁸ Sama dagbók 5.8.1893.

*Það komu hér í gær 5 Ameríkanar, tveir voru íslenskir, og fengu mjólk. ... Þeir voru að veiða silung fram með allri á. Fyrir lesturinn komu Ameríkanar og íslenskir að kaupa mjólk.*²⁵⁹

Að þessu sinni virðast Ameríkumennirnir hafa haldið sig í Vatnadal í þrjá daga því mánudaginn 14. ágúst lætur Einar þess getið að þann dag hafi komið margir Ameríkanar.²⁶⁰

Marías, sá eldri tveggja sona Þórðar bónda í Ytri-Vatnadal, var sumarið 1893 á skútunni Önnu Soffíu, sem þá var gerð út frá Ísafirði, en kom heim 18. ágúst og fór strax að slá fram í Gunnarslág.²⁶¹

Fyrsta dag septembermánaðar fór Þórður bóndi með ull í spekulantaskipið Guðrúnu, sem lá á Suðureyrarhöfn,²⁶² og tveimur dögum síðar lagði dagbókkarritarinn leið sína þangað og keypti sitthvað smálegt (sbr. hér Suðureyrarhreppur, inngangskafli).

Þetta sumar virðist séra Janus í Holti, sem þá var þjónandi prestur Súgfirðinga, hafa messað einu sinni í mánuði á Stað.²⁶³ Messað var 9. júlí og 6. ágúst og fólk fór til kirkju 3. september en þá mætti presturinn ekki.²⁶⁴ Þann 10. september kom hann hins vegar og jarðaði tvö börn.²⁶⁵

Þann 4. september var komið með *saumamaskínuborð* til Sigríðar húsfreyju í Ytri-Vatnadal²⁶⁶ svo hér hefur líklega þá þegar verið til saumavél, sem er nokkuð merkilegt, og 28. mars 1894 gerði Einar við *skúffuna* í maskínuborðinu.²⁶⁷

Í septembermánuði árið 1893 vann fólkið í Ytri-Vatnadal að ýmsum hauststörfum. Þann fimmta og sjöunda var mórinn reiddur heim, þann ellefta var Einar að rista torf á heyið og tveimur vikum síðar fóru þau Sigríður húsfreyja að *reiða á*, það er að dreifa mykjunni úr fjóshaugnum á túnið, og voru að því í tvo daga.²⁶⁸

Um miðjan september snjóaði í fjöll og að morgni þess átjándna var orðið *grátt í rót* alveg niður að sjó.²⁶⁹ Þann dag var *útnorðan stormur og herti á moldinni um fullbirtuna ... svo um kveldið var kominn öklasnjór.*²⁷⁰

Aðfaranótt þriðjudagsins 19. september dró til tíðinda í Ytri-Vatnadal og segir Einar frá á þessa leið:

²⁵⁹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 13.8.1893.

²⁶⁰ Sama dagbók, 14.8.1893.

²⁶¹ Sama dagbók, 18.8.1893.

²⁶² Sama dagbók, 1.9.1893.

²⁶³ Sama dagbók, júlí – sept. 1893.

²⁶⁴ Sama dagbók, 9.7., 6.8. og 3.9.1893.

²⁶⁵ Sama dagbók, 10.9.1893.

²⁶⁶ Sama dagbók, 4.9.1893.

²⁶⁷ Sama dagbók, 28.3.1894.

²⁶⁸ Sama dagbók, 5., 7., 11., 26. og 27. september 1893.

²⁶⁹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 15.9.1893.

²⁷⁰ Sama dagbók, 18.9.1893.

Klukkan 4 í nótt eð var kenndi Guðrún [Jónsdóttir] sín svo Jóhannes [Guðmundsson] og Marías [Þórðarson] fóru inn að Suðureyri að sækja Helgu [Sigurðardóttur]. Þau komu að innan kl. nærri 7 f.m. Þá var allt búið því hún fæddi barnið kl. 5 ½.²⁷¹

Þann 8. október kom séra Janus og skírði barnið. Þetta var stúlkubarn og fékk nafnið Albertína.²⁷² Hún varð síðar húsfreyja í Botni og komst á tíræðisaldur.

Upp úr 20. september hófust haustróðrar og var Þórður bóndi í Vatnadal í skiprúmi hjá Sturlu Jónssyni á Stað.²⁷³ Annan dag októbermánaðar skrifar Einar í dagbókina: *Ég var að skera mér í nefið. Svo boraði ég og saumaði saman könnu fyrir Sigríði.*²⁷⁴ Og næsta dag segir hann þetta: *Það hafði mús komist í kistu og skitið út öll grjónin. ... Eftir nón fór ég að mala rúg úr ösku.*²⁷⁵

Þann 5. október voru 13 hrútar skornir í Ytri-Vatnadal.²⁷⁶ Mörinn úr þeim feitasta vó 16 merkur (4 kíló) en 6 merkur (1,5 kíló) úr þeim rýrasta.²⁷⁷

Í októbermánuði fór dagbókarritarinn í nokkra róðra frá Suðureyri en oftast var hann heima í Vatnadal.²⁷⁸ *Ég var að kemma. Svo hjálpaði ég Þórði og Sigríði að sauma fyrir hrútana,* skrifar Einar 24. október.²⁷⁹ Á tveggjapostulamessu þann 28. október gekk Einar frá Suðureyri út í Vatnadal.²⁸⁰ Þá var kominn allmikill snjór og var ófærðin í *hné og mitt læri.*²⁸¹ Næsta dag var hann slæmur af gigt í bakinu og þá setti Sigríður, húsfreyja í Ytri-Vatnadal, á hann *horn.*²⁸² Fullvíst má telja að það hafi verið blóðhorn, það er að segja sérstakt glas sem notað var til að draga blóðið saman á ákveðinn stað í líkamanum. Þann 6. nóvember var Einar staddur á Suðureyri og þá var það Helga Sigurðardóttir, systir Sigríðar í Vatnadal og áður húsfreyja þar, sem setti á hann *horn.*²⁸³ Um þessa aðgerð kemst Einar svo að orði: *Helga setti á mig horn og það kom gróft út af vatni og tveir litlir vatnssullar síðast.*²⁸⁴

Þann 30. október bar kýrin Spenna í Ytri-Vatnadal og sama dag fór Jóhanna Hálfðanardóttir, 16 ára fósturdóttir Þórðar bónda, *ofan að sjó að*

²⁷¹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, 19.9.1893.

²⁷² Sama dagbók, 8.10.1893.

²⁷³ Sama dagbók, 23., 24. og 25. september 1893.

²⁷⁴ Sama dagbók, 2.10.1893.

²⁷⁵ Sama dagbók, 3.10.1893.

²⁷⁶ Sama dagbók, 5.10.1893.

²⁷⁷ Sama dagbók, 5.10.1893.

²⁷⁸ Sama dagbók, október 1893.

²⁷⁹ Sama dagbók, 24.10.1893.

²⁸⁰ Sama dagbók, 28.10.1893.

²⁸¹ Sama heimild.

²⁸² Sama heimild.

²⁸³ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 6.11.1893. Sbr. Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1893.

²⁸⁴ Sama dagbók, 6.11.1893.

*sækja þang til að láta hana liggja á því.*²⁸⁵ Í nóvembermánuði fór Einar í fáeina róðra frá Suðureyri með Guðmundi Sigurðssyni á Laugum en annars sat hann um kyrrt í Vatnadal.²⁸⁶ Þann 3. nóvember var hann að raka kálfskinn en þann dag var Þórður bóndi á sjó með Staðarmönnum *eins og hann er vanur.*²⁸⁷ Fáum dögum síðar kom ellefu ára stúlka frá Norðureyri til dvalar í Ytri-Vatnadal.²⁸⁸ Hún hét María Jóhannesdóttir og segir Einar að hún eigi að *vera hér til kennslu í vetur.*²⁸⁹ María var systurdóttir Þórðar bónda en óljóst er hver hefur tekið að sér að kenna henni. Heimiliskennari kynni að hafa verið á Stað um lengri eða skemmri tíma þennan vetur (sjá hér Staður) en fremur ólíklegt verður að telja að telpunni hafi verið ætlað að ganga þangað daglega til kennslu. Þó er það reyndar hugsanlegt.

Í skrifu Einars frá 2. desember 1893 sjáum við að Þorbjörn Gissurarson á Suðureyri og Jón sonur hans, sem nytjuðu part úr túninu í Vatnadal, voru þar með fáeinar kindur þennan vetur og sá heimafolk í Ytri-Vatnadal um að gefa þeim.²⁹⁰

Hinn 8. desember var *austnórðan moldbylur allan daginn* en þó *sá oftast yfir í Borgahlíðina*²⁹¹ (sbr. hér Fremri-Vatnadalur). Þann dag var Einar að kemba og um kvöldið fór hann að lesa í Felsenborgarsögnum.²⁹² Fjórum dögum síðar var hann líka að lesa þessar skemmtisögur sem séra Þórður Þorsteinsson frá Stað í Súgandafirði þýddi úr dönsku seint á 18. öld eða á fyrri hluta 19. aldar (sjá hér Staður).

Snemma á jólaföstunni bar kýrin í Fremri-Vatnadal.²⁹³ Þá var einn margra sona hjónanna þar sendur með ábrystir til nágrannanna í ytri dalnum.²⁹⁴ Þann 12. desember sást hafís frá Stað og tveimur dögum síðar sást mikið af honum *um allt hafid.*²⁹⁵ Ísinn virðist þó hafa rekið burt næstu daga því Einar minnst ekki á hann næstu vikurnar.

Þann 16. desember fóru þeir Kristján Hólm Þórðarson í Ytri-Vatnadal og Guðmundur Guðmundsson í Fremri-Vatnadal að snara rjúpur og fengu sjö.²⁹⁶ Þeir voru þá 15 og 17 ára.

Ekki ber á öðru en Einar Jónsson, húsmaður í Ytri-Vatnadal, hafi yfirleitt verið sæmilega ánægður með vistina þar. Í því sem hann trúir dagbókinni fyrir á aðfangadag jóla kemur þó fram að hann hefur talið sparað meira um jólin en góðu hófi gegndi. Orðin sem hann skrifaði eru þessi: *Það er fyrsta jólanótt sem ég hef lifað og ekki fengið kaffi.*²⁹⁷ Vera má að kaffið hafi verið sparað til jóladagsins en þá kom allt fólkið í

²⁸⁵ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, 30.10.1893.

²⁸⁶ Sama dagbók, nóvember 1893.

²⁸⁷ Sama dagbók, 3.11.1893.

²⁸⁸ Sama dagbók, 12.11.1893.

²⁸⁹ Sama heimild.

²⁹⁰ Sama dagbók, 2.12.1893.

²⁹¹ Sama dagbók, 8.12.1893.

²⁹² Sama heimild.

²⁹³ Sama dagbók, 11.12.1893.

²⁹⁴ Sama heimild.

²⁹⁵ Sama dagbók 12. og 14. desember 1893.

²⁹⁶ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 16.12.1893.

²⁹⁷ Sama dagbók, 24.12.1893.

Hraunakoti yfir ána og dvaldist lengi í Ytri-Vatnadal²⁹⁸ en Sigmundína, húsfreyja í Hraunakoti, var dóttir bústýrinnar í Ytri-Vatnadal eins og hér hefur áður verið nefnt. Steinn Kristjánsson, vinnumaður á Stað, sem líka var sonur Sigríðar bústýru, kom einnig í heimsókn til móður sinnar á jóladag.²⁹⁹ Eftir áramótin var Einar aðeins þrjá mánuði í Vatnadal, janúar, febrúar og mars.³⁰⁰

Þann 5. janúar var farið að *hleypa til* og að kvöldi 12. janúar var Einar að lesa Örvar-Oddssögu.³⁰¹ Einu bækurnar sem dagbókarritarinn nefnir árið sem hann var í Vatnadal eru Örvar-Oddssaga og Felsenborgarsögurnar sem fyrr var getið.³⁰² Sunnudaginn 14. janúar var það Einar sem las húslesturinn fyrir fólkið í Ytri-Vatnadal.³⁰³ Næsta sunnudag kom séra Janus og ætlaði að messa á Stað en þá varð messufall því fáir komu til kirkju.³⁰⁴ Fimm dögum síðar var Einar að lesa í blaðinu Ísafold sem hann hafði fengið lánað hjá Guðmundi bónda Jónssyni í Fremri-Vatnadal.³⁰⁵ Nokkrar líkur benda því til þess að Guðmundur í fremri dalnum hafi verið áskrifandi að Ísafold.

Síðustu mánuðina sem Einar var í Ytri-Vatnadal kom oft í hans hlut að bera vatn í bæinn en vatnið þurfti að sækja niður í á. Þann 29. janúar fór hann átta ferðir eftir vatni og 21. mars fór hann tíu ferðir.³⁰⁶ Sextánda febrúar var Einar að kemma hvíta ull og gerði líka við sleða.³⁰⁷ Fáum dögum síðar fóru Vatnadalsmenn með sleðann *ofan á Stöð* að sækja timbur sem þeir drógu fram eftir.³⁰⁸

Þann 3. mars var Einar dagbókarritari að sauma skinnbrók sína og 27. mars var hann að þæfa tvenna leppa.³⁰⁹ Sextánda dag marsmánaðar bar það helst til tíðinda að Helgi Andrés�on skipherra, sem þá átti heima á Kaldá í Önundarfirði, kom ásamt öðrum manni á skíðum *ofan Vatnadal* og fóru þeir að Stað.³¹⁰ Á uppvaxtarárum sínum hafði Helgi átt heima í Staðardal um langt skeið (sjá hér Staður, Lækjarkot þar) og var því vel kunnugur öllum staðháttum. Þann 17. mars komu svo Marías Þórðarson í Ytri-Vatnadal og fleiri Súgfirðingar vestan úr Önundarfirði með *hval*.³¹¹ Hvalafurðirnar sem þeir komu með hafa ugglaust verið frá Sólbakka. Með þær var lent í Keravík og þar var *hvalurinn* grafinn í fönn en tveimur dögum síðar fóru Vatnadalsmenn ofan í Keravík að sækja þennan feng.³¹²

²⁹⁸ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, 25.12.1893.

²⁹⁹ Sama heimild.

³⁰⁰ Lbs. 3858^{4to} og Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar árið 1894.

³⁰¹ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 5. og 12. janúar 1894.

³⁰² Lbs. 3858^{4to}, Dagb. E. Jónssonar 25.6.1893 – 13.1.1894. Lbs. 3859^{4to}, sama dagbók 14.1. – 13.3.1894.

³⁰³ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 14.1.1894.

³⁰⁴ Sama dagbók, 21.1.1894.

³⁰⁵ Sama dagbók, 26.1.1894.

³⁰⁶ Sama dagbók, 29.1. og 21.3.1894.

³⁰⁷ Sama dagbók 16.2.1894.

³⁰⁸ Sama dagbók 19.2.1894.

³⁰⁹ Sama dagbók 3. og 27. mars 1894.

³¹⁰ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 16.3.1894.

³¹¹ Sama dagbók, 17.3.1894.

³¹² Sama dagbók 17. og 19. mars 1894.

Á föstudaginn langa, þann 23. mars, kom Guðmundur Guðmundsson, 18 ára sonur hjónanna í Fremri-Vatnadal, í heimsókn til nágrannanna í ytri dalnum og var þá farið að tefla.³¹³ Nær fullvíst má því telja að manntafl hafi verið til í Vatnadal undir lok 19. aldar og menn kunnað mannganginn. Árið 1894 bar páskadag upp á 25. mars og þá var húslesturinn lesinn í björtu í fyrsta sinn á þessum vetri.³¹⁴

Þann 31. mars 1894 lauk níu mánaða dvöl Einars Jónssonar í Ytri-Vatnadal.³¹⁵ Þann dag kom Jón sonur hans frá Suðureyri og hjálpaði föður sínum við að flytja þangað.³¹⁶ Í dagbókinni lætur Einar þess getið að hann fari nú í *vistina að hálfu til Kristjáns Albertssonar* (á Suðureyri) en verði sjálfs sín að hálfu.³¹⁷

Eins og fyrr var getið átti Þórður Jónsson tvo syni sem náðu að komast upp (sjá hér bls. 19-20). Yngri sonurinn, Kristján Hólm Þórðarson, lærði smiðar og var allengi starfandi smiður á Ísafirði en mun hafa flust til Ameríku ásamt eiginkonu og fjórum börnum árið 1912.³¹⁸ Hann andaðist í Vesturheimi í febrúarmánuði árið 1915.³¹⁹

Eldri sonur Þórðar Jónssonar var Marías og tók hann við búsför ráðum af föður sínum hér í Ytri-Vatnadal vorið 1896.³²⁰ Þórður og ráðskona hans, Sigríður Sigurðardóttir, sátu þó um kyrrt en fóru í húsmennsku.³²¹ Þegar Þórður fór frá Vatnadal, fimm árum síðar, átti hann 4 hundruð í jörðinni (sjá hér bls. 28) en allur Ytri-Vatnadalur taldist þá vera 9 hundruða jörð (sjá hér bls. 2).

Marías Þórðarson, sem hóf búskap í Ytri-Vatnadal vorið 1896, var fæddur í Botni í Súgandafirði 27. ágúst 1868³²² (sbr. hér bls. 19), sonur Þórðar Jónssonar, bónda þar og síðar í Ytri-Vatnadal, og eiginkonu hans, Maríu Sigurðardóttur sem andaðist árið 1882 (sjá hér bls. 19-20). Á átjándra ári fluttist hann með föður sínum úr Botni í Ytri-Vatnadal, vorið 1886, og átti hér síðan heima til æviloka.³²³ Valdimar Þorvaldsson, sem var kunnugur Maríasi, lýsir honum svo:

Hann var í minna lagi meðalmaður að stærð, stilltur, þrúður og mjög yfirlætislaus maður. Mun þó að flestu hafa verð fjöldanum jafn og fremri. Eftir að hann komst til þroska var hann á þilskipum að sumrinu við þorskveiðar og var mjög eftirsóttur því hann var afburða dráttarmaður. Þess var ekki getið að í þeim fjölda sem þá var á Ísafirði, að neinn

³¹³ Lbs. 3859^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar, 23.3.1894.

³¹⁴ Sama dagbók, 27.3.1894.

³¹⁵ Sama dagbók, 31.3.1894.

³¹⁶ Sama heimild.

³¹⁷ Sama heimild.

³¹⁸ Júníus H. Kristinsson 1983, 201. Lbs. 2229^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 24.7.1912.

³¹⁹ Lbs. 2233^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 13.4.1915.

³²⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³²¹ Sama heimild.

³²² Vestf. ættir II, 473.

³²³ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

*væri honum hærri með drátt. ... Hann var talinn fara mjög vel með peninga, brúkaði ekki vín eða tóbak.*³²⁴

Magnús Hjaltason getur þess líka að Marías hafi verið *einstakur fiskimaður*.³²⁵

Sumarið 1893 var Marías á skútunni Önnu Soffu frá Ísafirði og sumarið 1894 var hann á Sigríði sem líka var gerð út frá Ísafirði.³²⁶ Á fyrstu vikum ársins 1894 var þessi mikli dráttarmaður 25 ára gamall og hefur þá líklega verið farinn að draga sig eftir stúlku. Marías var þá heima í Ytri-Vatnadal og þar var líka Einar Jónsson sem skrifar í dagbók sína 7. febrúar: *Marías fylgdi Herdísi Þórðardóttur inn að Suðureyri. Hún hefur verið hér síðan í fyrradag.*³²⁷ Þann 9. september á þessu sama ári, 1894, lýsti presturinn með þeim Herdísi og Maríasi.³²⁸ Daginn eftir lagðist hún á sæng og ól sveinbarn þann 11. september³²⁹ svo allt bar þetta brátt að. Þetta fyrsta barn Maríasar og Herdísar var skírt Jóhannes Gíslí.³³⁰

Herdís, sem giftist Maríasi í Vatnadal haustið 1894, var dóttir Þórðar Þórðarsonar og Helgu Sigurðardóttur er bjuggu hér í Ytri-Vatnadal frá 1868-1885.³³¹ Herdís var fædd árið 1872³³² og var því fjórum árum yngri en brúðguminn. Valdimar Þorvaldsson, sem var 16 ára piltur í Súgandafirði þegar Marías og Herdís gengu í hjónaband, segir að hún muni hafa verið *glæsilegust stúlka í Súgandafirði á sinni tíð* og tekur fram að þessi dóttir Þórðar forsöngvara hafi verið *mjög sönghæf* og haft fallega rödd.³³³ Magnús Hjaltason minnst líka á Herdísi og lætur þess getið að hún hafi verið *fríðleikskona* og fengið *besta orð*.³³⁴

Eins og fyrr var nefnt tóku ungu hjónin við búinu í Ytri-Vatnadal vorið 1896 en þeim var ætlaður skammur tími til samvista því Marías druknaði 28. febrúar 1898 með Sturlu Jónssyni á Stað og öðrum skipverjum hans. Frá því hörmulega slysi er sagt hér á öðrum stað (sjá hér Staður). Herdís Þórðardóttir sem gekk glöð að eiga Marías haustið 1894 var því aðeins 25 ára gömul er hún stóð uppi sem ekkja með tvö börn og hið þriðja á leiðinni.³³⁵

Í minningarorðum um Sturlu Jónsson á Stað og skipverja hans segir um Marías að hann hafi verið *fjörmaður og dugnaðarmaður* og þar er tekið sérstaklega fram að efnahagur þessa unga bónda hafi farið batnandi.³³⁶ Það voru orð að sönnu því þegar dánarbú Maríasar var skrifað upp vorið 1900

³²⁴ Valdimar Þorvaldsson 1963, 68-69 (Ársrit S.Í.).

³²⁵ Lbs. 2217^{4to}, Dagbók Magnúsar Hjaltasonar 28.2.1898.

³²⁶ Lbs. 3858^{4to}, Dagbók Einars Jónssonar 17.8.1893. Lbs. 3859^{4to}, sama dagbók, 4.4.1894.

³²⁷ Lbs. 3859^{4to}, sama dagbók, 7.2.1894.

³²⁸ Sama dagbók, 9.9.1894.

³²⁹ Sama dagbók, 10. og 11. september 1894.

³³⁰ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³³¹ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³² Sömu heimildir.

³³³ Valdimar Þorvaldsson 1963, 69 (Ársrit S.Í.).

³³⁴ Lbs. 2736^{4to}, Magnús Hjaltason, bls. 45.

³³⁵ Prestsþj.b. og sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³³⁶ Þjóðviljinn ungi 20.10.1898.

voru eignir þess virtar á 1.384,70 kr. en skuldir námu 599,00 kr.³³⁷ Hrein eign var því 785,70 kr. en í Ísafjarðarsýslu var eðlilegt kýrverð um það bil 108,- krónur árið 1900.³³⁸ Andvirði skuldlausra eigna dánarbúsins nam því liðlega sjö kúgildum og voru það býsna miklar eignir hjá svo ungum múgamanni. Til samanburðar má nefna að skuldlausar eignir Sturlu Jónssonar á Stað, er var formaður á bátnum sem fórst þegar Marías týndi lífi, voru virtar á sem svaraði liðlega þremur kúgildum (sjá hér Staður). Þeir Sturla og Marías voru á líkum aldri, annar 26 ára en hinn 29 ára.

Að Maríasi látnum bjó ekkja hans áfram í Ytri-Vatnadal. Fyrst fékk hún sér til aðstoðar mæðginin Ástríði Halldórsdóttur og Kristján Maríasson, sem þá var um tvítugt³³⁹ (sbr. hér Staður), en árið 1899 gerðist Guðmundur Júlíus Pálsson ráðsmaður hjá hinni ungu ekkju í Ytri-Vatnadal.³⁴⁰ Hann var þá kominn undir fertugt, fæddur í Vatnsfjarðarsveit við Djúp 31. júlí 1860.³⁴¹ Árið 1900 voru þau Herdís og Guðmundur Júlíus gefin saman í hjónaband og saman bjuggu þau hér í Ytri-Vatnadal allt til ársins 1920 en þá fór jörðin í eyði.³⁴²

Þegar Herdís Þórðardóttir tók saman við Guðmund Júlíus Pálsson var Þórður Jónsson, tengdafaðir hennar, enn húsmáður í Ytri-Vatnadal, þá rétt um sextugt.³⁴³ Sagt er að honum hafi mislíkað sá ráðahagur³⁴⁴ og svo mikið er víst að árið 1901 fór hann frá Vatnadal og gerðist próventumaður hjá Kristjáni Albertssyni á Suðureyri.³⁴⁵ Þangað fylgdi honum Sigríður Sigurðardóttir, er verið hafði ráðskona hans öll búskaparárin í Vatnadal, og skömmu síðar fékk hann til sín sonarson sinn, Þórð Maríasson fæddan 1896, son Herdísar í Vatnadal og fyrri eiginmanns hennar.³⁴⁶

Próventusamningurinn sem þeir Þórður Jónsson og Kristján Albertsson gengu frá 6. apríl 1901 er merkilegt plagg en hann hljóðar svo:

Ég sem rita nafn mitt hér undir, Þórður Jónsson, sjálfseignarbóndi hingað til búandi á Vatnadal gjöri hér með kunnugt að ég afsala herra sjálfseignarbónda, Kristjáni Albertssyni á Suðureyri, allar eigur mínar, fastar og lausar, að engu undanteknu, svo og öllu sem ég síðar kann að eignast, þar með talin arfsvon. Fasteign mín er jörðin Vatnadalur, Suðureyrahreppi, 4 hundruð að dýrleik.

Dregur til þess að ég fyrir aldurssakir og lasleika treystist ekki til að búa lengur. Einn lífsferfingja á ég en hef

³³⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. Suðureyrahreppur, 3. Uppskrifta- og gjörðabók 1881-1913, uppskrift á dánarbúi Maríasar Þórðarsonar 2.6.1900.

³³⁸ Stjórnartíðindi 1901 B, bls. 40-41.

³³⁹ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1898.

³⁴⁰ Sóknarm.tal Staðar í Súgandaf. 31.12.1899.

³⁴¹ Gunnar M. Magnúss 1977, 110. Vestf. ættir I, 327.

³⁴² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁴³ Sama heimild.

³⁴⁴ Kristjana Friðbertsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana, júlí 1968.

³⁴⁵ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf. Manntal 1901.

³⁴⁶ Sóknarm.töl og prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

engan skylduómaga fram að færa og boðið hef ég syni mínum, Kristjáni H. Þórðarsyni, trésmið á Ísafirði, sem er hinn eini af börnum mínum sem er á lífi, að taka við mér en hann hefur ekki getað sinnt því boði er ég lét gera honum með vottum. Engar skuldir liggja á mér. Eiginkona mín er fyrir löngu dáin og áttum við 10 börn sem öll eru dáin nema sá áður nefndi.

Ég, Kristján Albertsson, bóndi á Suðureyri, skuldbind mig aftur á móti til:

- 1. Að veita herra Þórði Jónssyni húsnæði, fæði, föt og skæði og alla aðra umönnun svo góð framfærsla megi heita meðan hann lifir.*
- 2. Að sjá um sómasamlega útför hans að honum liðnum.*

Samning þennan skal lesa á næsta manntalsþingi og greiði ég, Kristján Albertsson, kostnað þann sem af því leiðir.³⁴⁷

Af orðalagi próventusamningsins má ráða að Þórður hafi enn verið með einhvern búskap í Vatnadal þegar frá samningnum var gengið en allt hlýtur það að hafa verið í mjög smáum stíl því að í sóknarmannatölum frá árunum 1896-1900 er hann jafnan sagður vera húsmáður en ekki bóndi.³⁴⁸

Sjálfur próventusamningurinn þarfnast engra skýringa því þar er allt klárt og kvitt. Hins er rétt að geta að Þórður Jónsson dó ekki fyrir en árið 1921³⁴⁹ og var því í tuttugu ár í skjóli Kristjáns Albertssonar og fjölskyldu hans.³⁵⁰ Þegar Þórður gamli tók síðustu andvörpin voru reyndar liðin 12 ár frá því Kristján Albertsson dó³⁵¹ en próventusamningurinn hélt engu að síður og ekkja Kristjáns, Guðrún Þórðardóttir, sem stóð áfram fyrir heimili í húsi þeirra á Suðureyri, sá um að gamli próventumaðurinn fengi það sem honum bar. Sem erfingi eiginmanns síns naut hún líka góðs af þeim eignum er Þórður hafði lagt á borð með sér. Um 1920 taldist Guðrún eiga 4 hundruð í Ytri-Vatnadal (sjá hér bls. 5) og má ætla að það hafi verið sömu hundruðin og Þórður lét af hendi þegar hann fór í próventuna á Suðureyri.

Hér var þess áður getið að árið 1900 hefði Herdís Þórðardóttir í Vatnadal gengið að eiga ráðsmann sinn, Guðmund Júlíus Pálsson, en hún hafði áður verið gift Maríasi Þórðarsyni, bónda í Ytri-Vatnadal, sem druknaði 29 ára gamall 28. febrúar 1898. Þau Herdís og Guðmundur Júlíus bjuggu áfram í Ytri-Vatnadal allt til ársins 1920³⁵² og eignuðust tólf börn.³⁵³ Úr þeim hópi náðu átta að komast upp.³⁵⁴ Árið 1902 höfðu þau 4

³⁴⁷ Skj.s. sýslum. og sv.stj. Ís. XVI. 9. Veðmálabók 1898-1907, bls. 247-248.

³⁴⁸ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁴⁹ Prestsþj.b. Staðar í Súgandaf.

³⁵⁰ Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵¹ Gunnar M. Magnúss / Kristján G. Þorvaldsson 1977, 170.

³⁵² Sóknarm.töl Staðar í Súgandaf.

³⁵³ Gunnar M. Magnúss 1977, 110-112.

hundrað úr jörðinni til ábúðar en hinn partinn, sem var 5 hundrað, nytjaði Þorbjörn Gissurarson á Suðureyri.³⁵⁵ Árið 1916 var Guðmundur Júlíus orðinn eigandi að 5 jarðarhundraðum í Ytri-Vatnadal og voru þau virt á 524,42 kr.³⁵⁶

Þegar Herdís Þórðardóttir gerðist húsfreyja í Ytri-Vatnadal, ung að árum, vorið 1896 var enn búið hér í gömlum torfbæ. Um bæjarstæðið á hól yst í túninu hefur áður verið fjallað (sjá hér Fremri-Vatnadalur) en sjálfum bænum lýsir Valdimar Þorvaldsson svo:

... sneru dyr niður til árinna. Göngin voru bein inn og innst til hægri voru dyr inn í baðstofu en til vinstri inn í búr. Framar til vinstri voru dyr inn í eldhús. Baðstofan var 10 x 18 fet að stærð [um 17,7 fermetrar – innsk. K.Ó.] með lofti og skarsúð og þiljuð uppi en óþiljuð og óskilrúmuð niðri. Á baðstofunni voru fyrst torfgaflar upp úr í báða enda en síðar var lítið þil að nokkru í neðri enda, samhliða bæjardyrum.³⁵⁷

Valdimar getur þess að til vinstri við bæjardyrnar hafi verið skemma³⁵⁸ og meinar þá, að því er ætla má, á vinstri hönd þegar gengið var inn í bæinn. Skemman var lítil og ekkert loft í henni.³⁵⁹ Önnur útihús á árunum kringum aldamótin 1900 voru að sögn Valdimars þessi: Hjallur, fjós, eldiviðarhús, hesthús, 2 hlöður og 3 fjárhús.³⁶⁰

Fyrri eiginmaður Herdísar, Marías Þórðarson sem druknaði 1898, var að sögn á leið að byggja timburhús í stað torfbæjarins.³⁶¹ Úr framkvæmdum varð þó ekki meðan hann lifði.³⁶² Valdimar Þorvaldsson smiður, sem margt hefur ritað um hús og bæi í Súgandafirði, segir að Marías hafi þó að miklu átt fyrir húsinu.³⁶³

Svo fór að Herdís Þórðardóttir og seinni eiginmaður hennar, Guðmundur Júlíus Pálsson, komu sér upp timburhúsi hér í Ytri-Vatnadal³⁶⁴ og mun það hafa verið byggt skömmu eftir aldamótin. Þetta var tveggja hæða hús, portbyggt, og grunnflötur þess var 9 x 6 álnir.³⁶⁵ Gólfhlötur hvorrar hæðar hefur því verið um það bil 21 fermetri.

Á búskaparárum Guðmundar Júlíusar í Ytri-Vatnadal mun heilsa hans hafa bilað og þar kom að hann gat ekki séð sinni stóru fjölskyldu farborða

³⁵⁴ Gunnar M. Magnúss 1977, 110-112.

³⁵⁵ Hsk. á Ísaf. nr. 227. Skýrsla um ábúðarhundrað í Suðureyrarhreppi fardagaárið 1902-1903, dagsett 29.10.1902 og undirrituð af Jóhannesi Hannessyni.

³⁵⁶ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók fasteignamatnefndar í V.-Ís., löggilt 9.3. 1916, jarðeignir í Suðureyrarhreppi metnar 1916..

³⁵⁷ Lbs. 4410^{4to}, Valdimar Þorvaldsson, bls. 28.

³⁵⁸ Sama heimild.

³⁵⁹ Sama heimild.

³⁶⁰ Sama heimild.

³⁶¹ Valdimar Þorvaldsson 1963, 69 (Ársrit S.Í.).

³⁶² Sama heimild.

³⁶³ Sama heimild.

³⁶⁴ Sama heimild.

³⁶⁵ Fasteignamatsskjöl. Gjörðabók undirmatsnefndar í V.-Ísafj.sýslu, löggilt 26.3.1919.

og varð að leita á náðir hreppsnefndarinnar. Áður hafði hann eignast 5 hundruð í jörðinni en árið 1920 gáfust þau Herdís upp á búskapnum og þá tók hreppurinn bæði jarðarpartinn og timburhúsið þeirra upp í skuld.³⁶⁶ Í bréfi sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps ritaði sýslunefndinni í Vestur-Ísafjarðarsýslu 6. apríl 1920 segir svo:

Á fundi hreppsnefndar Suðureyrarhrepps þann 23. nóvember síðast liðinn samþykkti nefndin í einu hljóði að taka upp í sveitarskuld þurfalingsins Guðmundar Júlíusar Pálssonar, Vatnadal, að upphæð kr. 2.648,93, eign hans í jörðinni Vatnadal, 5 hundruð að fornu mati, fyrir 300,- krónur hundraðið, án leigupenings, og hús á jörðinni eftir mati óvilhallra manna. Kaupin fari fram í næstu fardögum.³⁶⁷

Með þessum hætti lauk búskap síðasta bóndans í Ytri-Vatnadal því vorið 1920 fór jörðin í eyði (sjá *Firðir og fólk 1900-1999*, 439). Fáum árum síðar var íbúðarhúsið í Ytri-Vatnadal rífið og timbrið úr því notað í viðbyggingu við íbúðarhús fólksins sem þá bjó í Fremri-Vatnadal (sjá hér Fremri-Vatnadalur).

Sjötíu og fimm árum síðar stöndum við hér á gamla bæjarhólnum í Ytri-Vatnadal þar sem allar tóttir hafa verið sléttaðar út. Héðan sést vel heim að Stað og frá hinu forna bæjarstæði er gott að horfa niður dalinn og fram til fjalla en sterkasta auðkennið í landslaginu eru Hraunin sem hér var áður sagt frá. Dvöl okkar í Vatnadal er nú senn á enda en áður en haldið verður á brott skulum við rifja upp hin fornu eyktamörk fólksins sem undi lífinu á þessum stað. Á dagmálum var sólin yfir **Dagmálaskarði**, á hádegi yfir **Hádegishorni**, á nóni yfir **Nónskarði**, um miðaftan yfir **Miðdegisbungu** (sem svo er nefnd frá Stað) framan við **Bæjarhvilft** á Stað, á náttmálum *laust við Bungur á Stað*.³⁶⁸ Um öll þau örnefni sem tengdust sólarganginum í Vatnadal hefur áður verið getið og skal til þess vísað (sjá hér Fremri-Vatnadalur og Staður). Fram skal tekið að hér er gert ráð fyrir að orðin *laust við Bungur á Stað* merki að á náttmálum hafi sólin verið komin rétt vestur fyrir *Bungu*, sem svo heitir í landi Staðar, en hún er heimantil við **Jaðar** (sjá hér Staður).

Túnstykkið rétt framan við bæjarhólinn í Ytri-Vatnadal heitir **Hvammur** og neðan við það voru *stillur yfir ána*.³⁶⁹ Þar hafa menn stiklað yfir áður en brúin, sem hér er sagt frá á öðrum stað (sjá Fremri-Vatnadalur), var byggð. Upp af Hvamminum var áður snarbrattur hóll sem líklega hefur verið bæjarhóll fyrir margt löngu því þegar í hann var grafið

³⁶⁶ Skjöl Suðureyrarhrepps, varðveitt þar. Bréfabók nr. 1. Bréf hreppsnefndar Suðureyrarhrepps 6.4.1920 til sýslunefndarinnar í V-Ísafj.sýslu.

³⁶⁷ Sama heimild.

³⁶⁸ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 71.

³⁶⁹ Guðmundur Guðmundsson 1946, 50 (Vestf. sagnir III, fyrri hluti).

kom upp mikið af ösku.³⁷⁰ Í þessum hól var heygður hesturinn Glói á búskaparárum Veturliða Guðnasonar sem bjó í Vatnadal á árunum 1920-1948.³⁷¹

Tvö fjárhús voru neðan við bæjarhólinn á árunum kringum aldamótin 1900. Efra húsið var nefnt Hólshús en hitt Neðstahús³⁷² eða Neðsthús og stóð á **Neðsthúshól** sem er niður við ána og utanvert við bæjarhólinn.³⁷³ Niður við ána er líka **Neðstahúsbrekka**.³⁷⁴ Utan við Neðsthúshól var ysti hluti túnsins, sem menn kölluðu **Holur**.³⁷⁵ Í Holunum var mikið um stórgrýti³⁷⁶ og neðarlega í þeim miðjum er að sögn **Fjóshóll**.³⁷⁷ Þar byrjar áin að renna gegnum Hraunin.

Frá bæjarhólnum leggjum við leið okkar að tóttunum sem enn standa uppi á Neðsthúshól neðantil við túngirðinguna, nær ánni. Þetta eru miklar tóttir og sýnast vera af fjárhúsi og hlöðu en Ólafur Veturliðason, sem fluttist tvítugur frá Vatnadal árið 1948, segir að hér hafi síðast verið hesthús.³⁷⁸ Við nið árinna er gott að finna ilminn af mold og grjóti í gömlum veggjum. Svo reikum við til baka fram hjá bæjarhólnum og upp á kvíabólið sem var beint upp af bænum og rétt fyrir ofan túnið (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Kvíin er þar enn á sínum stað og steinninn stóri, sem var leikvöllur barnanna, þó að mjaltakonurnar og smalarnir ungu séu horfin á braut. Nú kveðjum við Vatnadal og þokum okkur að landamerkjunum sem eru hér alveg rétt utan við túnið eins og áður var frá greint. Þar á merkjunum og rétt neðan við veginn stendur **Helguhóll**, hár og lítt gróinn (sjá hér Fremri-Vatnadalur), en ofan við veginn er gömul rétt.³⁷⁹ Helguhóll stendur stakur við vegarbrún og er því auðþekktur. Fordum var því trúað að í hólnum þeim væri bústaður álfa. – *Vertu ekki að liggja á glugganum mínum, stelpa*, sagði höstug konuródd við telpukorn frá Hraunakoti sem hafði sofnað i skini sólar á hólnum einn sumardag.³⁸⁰ Nú ber færra í drauma en áður. Á hólnum góða sem kenndur er við Helgu eða máské helgi af trúarlegum toga eigum við okkar síðustu vökustund í Vatnadal. Neðst í fjallshlíðinni, hér rétt hjá, gleður augað hinn ævagamli landamerkjagardur sem áður var getið um (sjá hér Fremri-Vatnadalur). Vera kann að hann sé þúsund ára.

Frá landamerkjunum við Helguhól er leiðin greið niður í Bæ. Spölurinn milli bæjanna var stuttur, aðeins einn kílómetri.

----- o o o o o -----

³⁷⁰ Ólafur Veturliðason. – Viðtal K.Ó. við hann 11.2.1996.

³⁷¹ Sama heimild.

³⁷² Guðmundur Guðmundsson 1946, 50 (Vestf. sagnir III, fyrri hluti).

³⁷³ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 78.

³⁷⁴ Guðmundur Guðmundsson 1946, 50.

³⁷⁵ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 78.

³⁷⁶ Guðmundur Guðmundsson 1946, 50.

³⁷⁷ Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 78.

³⁷⁸ Ólafur Veturliðason. – Viðtal K.Ó. við hann 11.2.1996.

³⁷⁹ Sbr. Örn.stofnun / Kristján G. Þorvaldsson 1949, 78.

³⁸⁰ Kristjana Friðbertsdóttir. – Viðtal K.Ó. við hana, júlí 1968.